

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR
MYNDLISTASKÓLANS Í
REYKJAVÍK 2011



HERBORG EDVALD

GRÖW
Háskólinn í Reykjavík
Myndlistaskólinn í Reykjavík
2011

STARFSFÓLK	2009	2010	2011	
Rekstrarsvið:				
Skólastjóri	90%	77%	96%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Stjórnun - verkefnastjóri	18%	49%	14%	Elsa D. Gísladóttir
Bókasafn	53%	66%	63%	Guðrún Hannesdóttir - Herdis Tómasdóttir
Bókasafn / Myndabanki	0%	12%	8%	Eygló Harðardóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Bókhald og fjármál	156%	152%	184%	Herdis Ellen Gunnarsdóttir - Erla Hjördis Ólafsdóttir - Björg Elín Pálsdóttir
Skrifstofa	220%	231%	249%	Hafdis Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir - Björk Guðnadóttir - Ninna M Þórarinsdóttir
Ræstingar	97%	106%	108%	Jóna S. Sigurðardóttir - Ninalíba Ingun - Ástriður Magnúsdóttir - Valur Smári Stefánsson
Umsjónarmaður húss og tækja	89%	98%	101%	Sigurjón Gunnarsson
Viðhald á húsnæði	33%	111%	93%	Hilmar Guðjónsson - Indriði Arnar Ingólfsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	6%	8%	6%	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson - Kristinn Harðarson
Barnaeild - deildarstjórn	66%	73%	70%	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Barnaeild - byggingalist	84%	59%	0%	Hildur Steinþórsdóttir
Keramíkeild - deildarstjórn & umsjón	107%	122%	115%	Ólöf Erla Bjarnadóttir (50%) - Sigurlína Margrét Osuala (65%)
Myndlista- og hönnunardeild - deildarstjórn	66%	74%	114%	Inga Þórey Jóhannsdóttir (70% allt árið) - Bjarki Bragason (80% júní-desember)
Teikning - deildarstjórn			17%	Anna C Leplar (40% í 5 mánuði)
Textill - deildarstjórn			13%	Okt-des 2011 (að jafnaði 56% á mán): Hildur Bjarnadóttir - Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Rekstrarsvið samtals	1085%	1238%	1249%	
Knowhow Verklag 2:				
Manager	15%	40%	14%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Manager - Financial	4%	12%	9%	Guðrún Einarsdóttir
Research - teikning	15%	59%	47%	Hildur Bjarnadóttir - Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Research - textill	15%	47%	46%	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Administration - financial	4%	10%	1%	Herdis Ellen Gunnarsdóttir - Erla Hjördis Ólafsdóttir
Administration - technical	6%	13%	7%	Hafdis Helgadóttir
Knowhow Verklag 2 samtals	59%	181%	124%	
Samtals starfsmenn	27	28	31	
Launþegar	75	55	76	
Verktakar	98	133	110	
Samtals launþegar og verktakar	173	188	186	

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR um starfsemi skólans árið 2011

VORÖNN 2011	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	33		520	
KERAMIK KJÖRSVIÐ				
MÓTUN B	14		598	
MÓTUN D	9		598	
TEIKNING B	14		598	
TEXTÍLL B	12		598	
ALMENN NÁMSKEIÐ	266	28	1486	36
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	32	4	429	9
ENDURMENNTUN	43	5	37	7
BÖRN OG UNGT FÓLK	217	26	985	30
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	10	2	24	3
LISTASMIÐJUR				
LEIKSKÓLASAMSTARF	26	2	54	2
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	424	2	126	7
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild				
SUMARNÁMSKEIÐ	155	14	372	18
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF	29	1	52	2
HAUSTÖNN 2009	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
SJÓNLISTADEILD	33			
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34		520	
KERAMIK KJÖRSVIÐ	7		546	
MÓTUN A-hluti	14		598	
MÓTUN C-hluti	12		598	
TEIKNING A-hluti				
TEIKNING C-hluti	14		598	
TEXTÍLL A-hluti				
TEXTÍLL C-hluti	12		598	
ALMENN NÁMSKEIÐ	184	21	1155	28
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	44	3	193	6
ENDURMENNTUN	10	1	7,5	2
BÖRN OG UNGT FÓLK	177	21	750	21
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild: Leikskólasamstarf	30	2	54	3
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda				
Samtals á árinu 2011	1855	132	12095	174

Upplýsingar í grámerktum reitum koma fram í köflum um viðkomandi deildir.

FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORANNIR	2011	2010	2009	2008	2007	2006
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	33	34	29	31	26	22
KERAMIK KJÖRSVIÐ			7	8	6	10
MÓTUN B	14	13	12	11		
MÓTUN D	9	13	8			
TEIKNING B	14					
TEXTÍLL B	12					
ALMENN NÁMSKEIÐ	266	244	253	215	191	177
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	32	50	26	6		
ENDURMENNTUN	43	34	79			
BÖRN OG UNGT FÓLK	217	189	207	255	217	199
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	10	18	17	17	23	13
LISTASSMIÐJUR		80				
LEIKSKÓLASAMSTARF	26	54	53	40	42	
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	424	200	129	131	45	
SAMSTARFSVERKEFNI Barnaeildar		15	6		10	
SUMARNÁMSKEIÐ	155	180	218	144	237	187
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF	29	8	5	17	5	0
HAUSTANNIR	2011	2010	2009	2008	2007	2006
SJÓNLISTAÐEILD	33					
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	34	34	34	29	31	30
KERAMIK KJÖRSVIÐ	7	8	12	7		11
MÓTUN A-hluti	14	11	11	11		
MÓTUN C-hluti	12	12	13	9		
TEIKNING A-hluti		14				
TEIKNING C-hluti	14					
TEXTÍLL A-hluti		12				
TEXTÍLL C-hluti	12					
ALMENN NÁMSKEIÐ	184	231	199	207	207	195
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	44	29	20	6	19	
ENDURMENNTUN	10	17				
BÖRN OG UNGT FÓLK	177	182	166	203	194	153
SAMSTARFSVERKEFNI Barnaeild	30	31	39	97	199	64
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda			115	150		
Fjöldi nemenda milli ára	1855	1713	1658	1636	1512	1061

SKÝRSLA STJÓRNAR SJÁLFSEIGNARSTOFNUNNAR - SAMANTEKT Á UMRÆÐUM INNAN STJÓRNAR

Haldnir voru sex fundir í stjórn sjálfseignarstofnunar Myndlistaskólans í Reykjavík á árinu 2011. Í stjórn sátu Ingibjörg Jóhannsdóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Kristinn G. Harðarson (stjórnarformaður) og Brynhildur Pálsdóttir sem kom inn í stjórn eftir síðasta aðalfundi í stað Guju Daggar Hauksdóttur sem vék úr stjórn vegna persónulegra aðstæðna.

Haldinn var einn sameiginlegur fundur með stjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík og stjórn sjálfseignarstofnunar félagsins.

Í stjórn félags Myndlistasólans í Reykjavík sátu: Ina Salóme Hallgrímsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Guðbjörg Káradóttir og Eygló Harðardóttir en stjórnarmenn sem komu inn eftir síðasta aðalfund voru Sólveig Aðalsteinsdóttir, Guðjón Ketilsson og Herdís Ellen Gunnarsdóttir.

Eftirfarandi mál voru helst til umfjöllunar á fundum stjórnar:

Niðurskurður á framlögum Reykjavíkurborgar til Barnadeildar.

Á sameiginlegum fundi stjórnar félagsins og sjálfseignastofnunar lögðu skólastjóri og fjármálastjóri fram ýmis gögn um rekstur barnadeildar. Meðal annars samantekt á niðurskurði Reykjavíkurborgar síðustu árin og var þá tekin saman niðurskurður á framlögum til hefðbundins barnastarfs, auknar álögur í formi fasteignaskatta og þess að verkefnið Listbúðir var ekki styrkt. Einnig var skerðing uppreiknuð í takti við þá vitisölu sem notuð hafði verið fram að kreppu til að uppreikna framlög borgarinnar til skólans.



6-9 ára - Kennari: Ina Salóme



6-9 ára - Kennari: Brynhildur Þorgeirsdóttir

Skólastjóri setti fram tölur um kostnað foreldra við listnám miðað við aðrar tólmstundir og bar þær saman við tölur frá Norðurlöndum. Upplýsingar voru settar fram með tilliti til þess hversu margar stundir foreldrar á lægstu launum í hverju landi þyrftu að vinna til að greiða fyrir listnám barna sinna. Í ljós kom að Reykvíkingar þyrftu að vinna 8 sinnum fleiri tíma en t.d. foreldrar í Kaupmannahöfn fyrir sambærilegu listnámi. Einnig að mikill munur var á kostnaði vegna listnáms og íþróttáástandunar innan Reykjavíkur á meðan hann er sambærilegur í flestum hinna Norðurlandanna.

Tap af rekstri barnadeildar minnkaði á árinu en var þó umtalsvert eða rúmar tvær milljónir. Framlög Reykjavíkurborgar til reksturs var nánast jafnhátt og skólagjöld. Rætt var um mögulegar sparnaðarleiðir til að fækka námskeiðum en skólinn kennir mun fleiri börnum en samningur við Reykjavíkurborg kveður á um, hækka skólagjöld, sækja styrki til nágrannasveitarfélaga fyrir þau börn sem þaðan koma, fjölga í hópum eða stytta námið. Loks var ákveðið að hækka gjöld til nágrannasveitarfélaga um 36% sem er þó ekki raunverulegur kostnaður, ætti að vera nær 50% ef nágrannasveitarfélög legðu jafnmikið til reksturs og Reykjavíkurborg. Ákveðið var að halda áfram að vinna í fá önnur sveitarfélög til að styrkja nemendur sem þaðan koma. Einnig var ákveðið að reyna að fjölga í hópum og halda í þá styttingu sem þegar hefði verið gerð, en námskeið voru stytt úr 14 í 13 vikur haustið 2010.

Einnig var ákveðið á stjórnarfundum að mikilvægt væri að kynna fræðslustjóra að ekki verður unnt að halda áfram kennslu í barnadeild ef hallarekstur heldur áfram.

Á vormisseri fundaði skólastjóri með fræðslustjóra, formanni menntaráðs og fjármálastjóra menntasviðs ásamt fjármálastjóra Myndlistaskólans og Margréti H. Blöndal. Einnig naut skólastjóri liðsinnis lögfræðings Samtaka Verslunar og Þjónustu en þar er skólinn aðilli. Mál voru reifuð og sú afstaða kynnt að skólinn myndi ekki halda áfram að sinna barnastarfi ef ekki kæmu til aukin framlög. Ljóst var að Reykjavíkurborg stendur illa og á erfitt með að styrkja skólann frekar. Þó var því lofað að skoða málin betur og byggja á þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

Á fundi sem skólastjóri, deildarstjóri barnadeildar og Margrét H. Blöndal áttu með fræðslustjóra í desember kom svo í ljós að framlög til skólans yrðu leiðrétt á árinu 2012 og að skólinn fengi að nýju framlag til að halda listbúðir. Vegna þessara auknu framlaga verður hægt að endurskoða áform um fjölgun í hópum í barnadeild enda hafa þær ráðstafanir mælst illa fyrir meðal kennara. Auknar álögur á skólann í formi fasteignaskatta er enn óleyst mál og skólagjöld eru of há að mati skólastjóra.

Í kjölfar umræðna um bágan fjárhag barnadeildar í fjölmiðlum hafði Oddfellowreglan samband við skólann og gaf eina milljón sem æltað var til að hjálpa efnalitlum og áhugasömum börnum að sækja nám við skólann. Auglýst var eftir styrkþegum á haustönn og þegar upp er staðið, vorið 2012, hafa 15 börn nýtt styrkinn, helmingurinn börn af erlendum uppruna. Samstarf var haft við þjónustumiðstöð Vesturgarðs, presta í hverfinu og myndlistarkennara í Vesturbæjarskóla. Oddfellowreglunni var þakkaður stuðningurinn með bréfi og þeim boðið í heimsókn í skólann.



13-16 ára Myndasögur - Kennari: Jean Posocco

Þróun myndlista- og hönnunarsviðs, Sjónlistadeild.

Vorið 2009 sótti Myndlistaskólinn um styrk til ráðneytis til að þróa listnám á framhaldsskólastigi í takti við nýja námsskrá. Skólastjóri hafði sótt um styrkinn í samráði við Fjölbautarskólann í Garðabæ og Listaháskólann og voru fulltrúar úr þessum skólum í starfshópi sem skilaði tillögum til ráðuneytis í mars. Í kjölfarið fór skólastjóri fram á að Myndlistaskólinn fengi leyfi til að fara að þeim tillögum sem lagðar voru fram í skýrslu nefndarinnar og lengja undirbúningsnám innan skólans og útskrifa um leið nemendur með stúdentspróf samkvæmt nýju kerfi, sem verið er að innleiða á framhaldsskólstiginu. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að nemendur geti á þremur árum útskrifast með 200 feininga stúdentspróf með mikla sérhæfingu í sjónlistum, bæði myndlist og hönnun. Leyfi fékkst til að fara af stað með nýtt nám seint í maí. Stýrði deildarstjóri Myndlista- og hönnunarsviðs undirbúningi en einnig komu að verkinu skólastjóri, Elsa Dóróthea Gísladóttir og Ingólfur Arnarson. Verkefnastjóri, Bjarki Bragason var ráðinn til að vinna með Ingu Þórey að undirbúningi nýja námsins. Mikið var fundað um tillögum í kennslu í íslensku, stærðfræði og ensku, skólinn sótti líka ráð til Kvennaskólans sem mun vera ábyrgðaraðili fyrir því að kennsla kjarnagreina sé með tilskyldum hætti og nái því markmiði sem fram kemur í námsskrá. Kvennaskólinn er annar af tveimur framhaldsskólum á landinu sem þegar hafa innleitt nýja námsskrá og því góður kostur að starfa með Kvennaskólanum og þyggja þaðan góð ráð. Gott samstarf var milli skólanna og funduðu skólastjóri og deildarstjóri með Ingibjörgu Guðmundsóttur, skólastjóra Kvennaskólans og Ingibjörgu Axelsdóttur, Oddnýju Hafberg og fagstjórum og kennurum ensku, íslensku og stærðfræði.



Sjónlistadeild 3d formfræði

Samstarf við Kvennaskólann – Brautarbrú.

Kvennaskólinn fór þess á leit við Myndlistaskólann að nemendur á Brautarbrú (sem er fullt nám fyrir þá sem ekki hafa náð tilskyldum árangri í grunnskóla til að hefja eiginlegt framhaldsskólanám) stunduðu hluta af námi sínu í Myndlistaskólanum. Ákveðið var að nemendur yrðu fjóra daga í Kvennaskólanum en einn dag í Myndlistaskólanum. Skólastjóri leitaði til Margrétar H. Blöndal og Kolbeins Huga Höskuldssonar um að þróa hugmynd að námskeiði. Alls hófu 17 nemendur nám haustið 2011. Námið var sambland af margs konar verklegri vinnu í skólanum, umræðum og fræðslu sem fólst í heimsóknum á sýningar og fyrirlestrum kennara, heimaverkefnum þar sem reyndi á frjóan hug og getu til að tjá sig í orðum. Myndlistaskólinn lét nemendur ekki leggja mat á verkefnið en starfsfólk Kvennaskólans ræddi við þá í lok haustmíssis. Kom þá í ljós að þeim þótti námstíminn dag hvern of langur og þau sæju ekki nógu skýran tilgang með náminu. Fáir ætluðu sér að stunda listnám í framtíðinni og vildu frekar taka val sem var í boði innan Kvennaskólans. Því var ákveðið að sýtta tímarn í Myndlistaskólanum um helming. Ef framhald verður á þessari samvinnu þarf að þróa betur námsuppbýggingu og huga betur að innihaldi námsins og hvaða kröfur rétt sé að gera. Mikilvægt er að hafa í huga að nemendur sem þátt tóku í þessu verkefni höfðu ekki valið sér listnám sem viðfangsefni – sem er ólíkt flest öðrum nemendum skólans.

Verklag - Evrópuverkefnið.

Tveir fundir voru haldnir vegna verkefnisins Verklags á árinu. Annar fundurinn var haldinn í Cumbriu þar sem niðurstaða þróunarvinnu vegna nýrra námskráa fyrir Teikningu og Textil var kynnt fyrir samstarfsaðilum. Gagnlegar athugasemdir bárust frá samstarfskólum og var mikið tillit tekið til þeirra við breytin á námskrám.

Seinni fundurinn var haldinn í Reykjavík þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar fyrir almenningi á opnu málþingi í Þjóðminjasafninu. Alls sóttu um 150 manns málþingið sem stóð í tvo daga. Samstarfsaðilar tóku allir þátt með mismunandi hætti; Heriott Watt skólinn hélt sýningu í anddyri safnisins á þeim verkefnum sem þróuð höfðu verið innan skólans í tengslum við verkefnið, deildarstjóri textildeildar Háskólans í Bergen hélt erindi um tæknilegan textil og verkefnið bauð vel þekktum finnskum arkitekti, **Juhani Pallasama**, að halda erindi um mikilvægi þess að „hugsa með höndunum“. Einnig tók fjöldi innlendra aðila þátt. **Guðrún Nordal**, formaður vísindanefndar Vísinda og tækniráðs, opnaði málþingið og lagði meðal annars áherslu á mikilvægi samstarfs og sagði að oft virtist auðveldara að efna til samstarfs fjarri heimahögum en að fá stofnanir og fólk á næstu þúfu til að vinna saman. **Steinunn Sigurðardóttir** fatahönnuður hélt erindi ásamt **Benjamin Bohne** frá CCP. **Sigurjón Mýrdal** frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og **Jóhannes Þórðarson** frá Listháskólanum tóku þátt í pallborðsumræðum í kjölfarið ásamt fleiri aðilum frá Íslandi. Nánar má sjá um málþingið á knowhow2.is.

Skólastjóri og **Guðrún Einarsdóttir** fjármálastjóri verkefnis skiluðu lokaskýrslu og fékk hún góða umfjöllun matsaðila starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins, Leonardo. Mikill vilji var hjá öllum þátttakendum verkefnisins til að taka aftur þátt í öðru víðlíka verkefni með Myndlistaskólanum ef til þess kæmi. Það er ljóst að þessi leið sem farin var við þróun nýrra námskráa hefur reynst skólanum vel og skilað sér inn í skólastarfið í formi margs konar sambanda og hugmynda.



Verklag 2 í Þjóðminjasafninu - Finnski arkitektinn Juhani Pallasama fjallar um mikilvægi þess að "hugsa með höndunum"

Grunnþættir í nýrri námskrá

Skólinn hóf haustmísseri með fyrirlestrarröð sem var ætlað að innleiða grunnþætti, samkvæmt nýrri námskrá, inn í skólastarfið. Grunnþættirnir sex eru lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilsa, læsi í víðu samhengi og sköpun. Deildarstjórar tóku að sér að finna fyrirlesara um hvern grunnþátt og var ráðgert að stofna til umræðu með þátttöku nemenda. Ekki náðist að virkja nemendur í frekari vinnu að sinni en áhugi þeirra var mikill og verður verkefninu haldið áfram á næsta ári.

Alls komu sex gestafyrirlesarar gagngert í heimsókn til að fjalla um grunnþættina: Lýðræði og mannréttindi; **Ásmundur Ásmundsson**, myndlistamaður og **Björn Vilhjálmsson**, heimspekingur og formaður lýðræðisfélagsins **Öldu**. Jafnrétti; **Dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir**, aðstoðarforstöðumaður í fötlunarfræðum í HÍ, **Anna Línadal**, myndlistamaður og **Þórður Kristinsson**, kennari í Kvinnaskólanum. Menntun til sjálfbærni; **Kristín Vala Ragnarsdóttir** forseti Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Á árinu tók skólastjóri að sér að skrifa rit um sköpun í víðum samhengi sem ætlað er að styðja við innleiðingu grunnþáttana samkvæmt nýrri námskrá. Að skrifunum kom **Elísabet Indra Ragnarsdóttir** útvarpskona, en hún hélt um tveggja ára skeið, úti þáttum um skapandi starf með ungu fólki. Við skrifin skipti miklu að hafa aðgang að kennurum skólans og byggði skólastjóri á þekkingu sinni og innsýn í starf allra þeirra listamanna sem kenna í Myndlistaskólanum.

Mannaforráð

Í júní var Bjarki Bragason ráðinn verkefnastjóri til að sinna störfum í Sjonlistadeild í samráði við Ingu Þórey Jóhannsdóttur deildarstjóra fornámsdeildar. Nokkuð hratt þurfti að vinna að ráðningu Bjarka og var starfið því ekki auglýst.

Einnig hóf nýr fjármálastjóri Björg Elín Pálsdóttir störf í júní og kom í stað Herdísar Ellen Gunnarsdóttur. Ráðið var í starfið með aðstoð Capacent Gallup.

Smári Stefánsson var ráðinn í 100% starf til að sinna þrifum. Starfshlutfall hefur aukist jafnt og þétt í takti við stækkun skólans og því var ákveðið að betra væri að fá inn einstakling í 100% starf sem væri við um leið og aðrir starfsmenn skólans frekar en að þrif færu fram áður en starfsfólk og nemendur mættu til starfa.

Ninna Margrét Þórarinsdóttir hóf störf í ágúst og aðstoðaði í upphafi við málþingið Verklag. Eftir það hóf hún störf á skrifstofu og kom í stað Bjarkar Guðnadóttur.

Í lok október var ráðinn námsráðgjafi til starfa í 20% stöðugildi, Anna Sigurðardóttir. Það hefur komið til tals innan skólans á síðustu árum að mikilvægt væri að ráða námsráðgjafa. Það sem gerði útslagið var að nokkrir nemendur Sjonlistadeildar glíma við lesblindu og því þótti mikilvægt að fá sérfræðing til að ráðleggja nemendum og kennurum. Starfið var ekki auglýst opinberlega.

Anna C. Leplar tók við deildarstjórn Teiknadeildar af Sólveigu Aðalsteinsdóttir en Cindy hafði kennt við deildina og komið að mótun námsskrár. Anna starfar einnig sem teiknari og bókahönnuður.

Kristinn Guðbrandur Harðarson, sem hefur haldið utanum starf Hoffmansgallerís í sjö ár, ákvað að segja sig frá verkefninu og var lýst eftir áhugasömum eftirmanni á aðalfundi. Ekki er um launað starf að ræða nema að mjög litlu leyti.



Umræður voru innan stjórnar um það hvort starf skólastjóra sé of umfangsmikið og hvort ráða ætti aðstoðarskólastjóra. Einnig að erfitt gæti verið ef skólastjóri forfallaðist að enginn væri vel inn í öllum málum. Ingibjörg segir að síðustu tvö ár hafi vissulega verið mjög annasöm. Það hafi ekki síst verið af því að ýmis verkefni og tækifæri hafi komið upp sem ekki hafi verið fyrir séð en nú sjái til lands í mörgum málum. Ákveðið var að skoða þessi mál betur og ráða mannesju í 50% starf við að halda utanum námskeiðahluta skólans. Einnig var ákveðið að starfshlutfall Ingu Þóreyjar yrði aukið upp í 100% um áramót og hún starfi þá sem aðstoðarskólastjóri.

Opið Hús var haldið í Myndlistaskólanum í Reykjavík og var borgarstjóranum í Reykjavík sérstaklega boðið í heimsókn og honum kynnt starfsemi skólans.

Það er mikilvæg staðreynd að allir þeir sem kenna og stýra námi í Myndlistaskólanum eru starfandi myndlistamenn og hönnuðir. Margir þeirra sem hafa kennt um árabíl við skólann héldu stórar sýningar og má þar nefna Brynhildi Þorgeirsdóttur, Hildi Bjarnadóttur, Sigtrygg Bjarna Baldvinsson og Ingu Þóreyu Jóhannsdóttir. Alls voru settar 17 tilkynningar um sýningar starfsfólks á heimasíðu skólans en vísast eru þeir mun fleiri sem sýndu verk sín á árinu.

Nokkuð var af erlendum gestakennurum í diplómadeildum og var tækifærið gripið og almenningi boðið á opna fyrirlestra í skólanum. Meðal annars má nefna fyrirlestur teiknarans Alexis Deacon sem haldin var á vormisseri og fyrirlestur vefarans Sytze Roos um eigin verk á haustmisseri.

Nýr greiðsluvefur tekin í notkun.

Nýr greiðsluvefur var tekinn í notkun, Nori, sem einfaldar skráningu og greiðslur og auðveldar skiptingu á tekjum milli deilda. Nokkuð vel hefur gengið að innleiða nýjan vef en þó hefur þurft að útbúa ýmsar sérlausnir fyrir Myndlistaskólann sem voru ekki í upphaflega kerfinu. Vinnuálag á skrifstofu minnkar og ýmsir möguleikar opnast í gegnum vefinn í tengslum við samskipti kennara og nemenda.

Húsnæði

Á árinu var endurbótum lokið í austurhluta þriðju hæðar en þar var kostnaðarsamast að ljúka vinna vegna brunavarna. Þegar í ljós kom að skólinn fengi leyfi til að fara af stað með Sjónlistadeild þurfti að fara í endurbætur á húsnæði í austurhluta þriðju hæðar sem áður hafði verið í útleigu. Skólinn fékk sérstakt framlag frá ríkinu til að koma til móts við kostnað vegna standsetningar á húsnæði og kaup á húsbúnaði.

Ljóst er að enn vanntar nokkuð uppá til að hægt sé að segja að ytra byrði hússins sé komið í nægilega gott ástand. Skipta þarf um glugga og huga að þaki portmegin í húsi, lyftuturn og þakkantur eru í slæmu standi og múrhúð er sprungin. Því er ljóst að næstu ár þarf að leggja til hliðar fjármagn til að bæta húsnæði.

Ólafur Rafnsson starfsmaður Reykjavíkurakademiunnar var ráðinn sem húsvörður á tímakaupi.

Nokkrir húsfundir voru haldnir og gengu þeir að mestu út á að endurheimta greiðslur af eigenda fjórðu hæðar. Húsfélagið réð lögfræðing Stefán Gunnlaugsson hjá Lögmonnum Thorsplani til reka málið.



Á mörkum veruleika og möguleika - Kennari: Hildur Steinþórsdóttir og Margrét H Blöndal

Áfangar á framhaldsskólastigi

Skráning gekk vel á vormisseri og var fjöldi nemenda meiri en árið á undan. Hins vegar var samdráttur á haustmisseri sem kom aðallega niður á málaraedeild en þó voru einnig færri nemendur í barnaedeild.

Ekki er auðvelt að fylgjast með fjölda nemenda í námskeiðum sem jafnframt eru skráðir í aðra framhaldsskóla eftir að nýr vefur var tekinn í gagn. Mikilvægt er að endurnýja hugmyndir um kostnaðarþátttöku framhaldsskólakerfisins eins og reynt var fyrir hrun. Með því er framhaldsskólanemum auðveldað að finna fjölbreytt nám við hæfi.

Áfram var haldið með tilraunastofu fyrir hreyfihamlaða sem hófst að frumkvæði Eddu Heiðrúnar Backmann. Margrét H. Blöndal kenndi hópnum og var áfram lögð áhersla á fræðslu um listamenn og liststefnur í bland við verklega vinnu.

Samstarf við Fjölmennt dróst saman og á haustmisseri og náðst ekki að setja af stað undirbúningsnámið sem hefur verið kennt samhliða Myndlista- og hönnunarsviði. Var gripið til þess ráðs að blanda hópnum saman og kenndu Gerður og Kristinn saman stærri hópi í Vinnustofu.

Kennarar í námskeiðinum voru:

Sólveig Aðalsteinsdóttir, Eygló Harðardóttir, Katrín Briem, Margrét H. Blöndal, Birgir Snæbjörn Birgisson og Sigurður Árni, Einar Garibaldi, Sigtryggur Bjarni, Hlíf Ásgrímsdóttir, Karl Jóhann Jónsson, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir, Erla Stefánsdóttir, Vigfús Birgisson, Margrét H. Blöndal, Sigríður Helga Hauksdóttir, Magnús Valur Pálsson og Þóra Sigurðardóttir.

HOFFMANNSGALLERÍ

Í Hoffnannsgallerí var sýningin VINNUSTOFA 2010-11 opnuð 6 maí. Á sýningunni eru verk eftir 7 listamenn sem hafa unnið í nokkurs konar vinnustofu í Myndlistaskólanum í Reykjavík í vetur. Vinnustofan er samstarfsverkefni Myndlistaskóla Reykjavíkur og Fjölmennrar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar. Síðastliðna þrjá vetur hefur Myndlistaskólinn boðið heilsvetrarnám í myndlist fyrir fatlað fólk og er markmið námsins að þátttakendur kynnist helstu aðferðum í hugmyndavinnu og útfærslu í myndlist og þeir finni eigin styrk og listræna sérstöðu. Vinnustofan er hugsuð sem framhald þess náms.



Verk eftir Inga Hrafn Stefánsson

Leiðbeinandi var Kristinn G. Harðarson. Eftirtaldir listamennirnir áttu verk á sýningunni: Ásgeir Ísak Kristjánsson, Elin S.M. Ólafsdóttir, Gréta Guðbjörg Zimsen, Guðmundur Stefán Guðmundsson, Ingi Hrafn Stefánsson, Ísak Óli Sævarsson og Tanya Sjöfn Mangelsdorf.

BÓKASAFN

Árið 2011 störfuðu tveir bókasafnsfræðinga við bókasafn Myndlistaskólans í Reykjavík. Viðvera þeirra var fimm daga vikunnar, alla morgna, tvo daga til kl.13:00 og þrjá til 14:00. Safnið var opið eftir það, án viðveru sérstaks starfsmanns, þar til skólanum var lokað á kvöldin.

Bókasafnsfræðingarnir Guðrún Hannesdóttir og Herdís Tómasdóttir skiptu með sér störfum í safninu. Guðrún fékk leyfi frá störfum í 6 mánuði, frá júní til nóvember og tók leyfi í desember. Herdís tók að sér hennar hluta vinnunnar á þessum tíma. Einnig störfuðu myndlistamennirnir Hildigunnur Birgisdóttir og Sigga Björg Sigurðardóttir tímabundið við safnið.

Þröngt var orðið um safnkostinn og voru keyptar 2 hillusamstæður frá Ikea og allt safnið forflutt um sumarið. Tók það nokkurn tíma og skipulagningu.

Notkun á bókasafninu hefur aukist jafnt og þétt bæði útlán og not á staðnum. Veldur því bæði aukið aðgengi að ritunum í Gegni og fjölgun nemenda í skólanum. Fólk utan skólans sækir í auknu mæli í safnskostinn, kemur, skoðar og ljósritar, en það truflar ekki notkun heimafólks á safninu. Efnið er ekki lánað út fyrir stofnunina.

Útlán árið 2011 voru rúmlega 1300 en voru 1000 árið 2010. Það eru eingöngu skráð útlán og má ætla að þetta sé aðeins hluti af rauntölum, þar sem útlánakerfið í Gegni hefur ekki verið tekið í notkun og nokkuð er um að útlán eru ekki skráð á þartilgerða miða. Er þetta talsverð aukning frá árinu áður, enda hefur nemendum fjölgað töluvert við stofnun nýrra deilda við skólann. Áætlað er að taka útlánakerfi Gegnis í notkun á næsta ári.

Safnkosturinn jókst um 200 rit, aðallega efni um myndlist, af því voru um 170 keypt, en 38 gjafir frá velunnurum safnsins, kennurum og gömlum nemendum. Gerðir eru aðfangalistar yfir nýtt efni. Alls eru fimm þúsund og fimmtíu (5.050) rit í eigu safnsins skráð í Gegni.

Fjölskylda Kristínar Ellenar Bjarnadóttur vefara færði bókasafninu höfðinglega gjöf, nær 30 bækur um textil, og er búið að skrá hluta þeirra í Gegni.

Í desember 2011 færði Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur einnig bókasafninu höfðinglega gjöf, 12 myndaleg rit um íslenska og færeyska myndlist eftir hann, sem mun verða skráð í safnið árið 2012.

12 timarit eru í áskrift og eru þau mikið skoðuð og notuð,



Sýningarveggur bókasafnsins: Gallerí veggur hefur blómstrað eins og fyrr undir stjórnínu Salóme og þar sýndu á árinu 2011 Egló Harðardóttir og Hildigunnur Birgisdóttir.

BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

KENNDARAR


Kennarar barnadeildar 2011 voru:

Anna Hallin, Ástríður Magnúsdóttir, Björk Guðnadóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, JBK Ransu, Jean Posocco, Karlotta Blöndal, Katrín Briem, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Margrét H. Blöndal, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Þórey Mjallhvit Heiðar- og Ómarsdóttir, og Þorbjörg Þorvaldsdóttir. Alls komu því 20 kennarar að kennslu í barnadeildinni. Jean, Karlotta og Ragnheiður eru nýir kennarar í barnadeild.

NÁMSKEIÐ



4-5 ára - Kennari: Sigríður Hauksdóttir



6-9 ára - Kennari: Guðrún Vera Hjartardóttir

Haustið 2011 var kennt í aldurshópum 4-5 ára, 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Það er eins og verið hefur nema aldursbilið í yngsta hópnum var þrengt. Reynslan hefur kennt okkur að 3-5 ára er of breitt aldursbil í opnum hópi. Eins og áður var líka boðið upp á námskeið fyrir 8-11 ára í leirmótun og rennslu. Fyrir tvo yngstu aldurshópana var boðið upp á alhliða myndlistarnámskeið en sérhæfðari námskeið fyrir eldri aldurshópa. Fyrir 10-12 ára var boðið upp á eftirtalin námskeið: Teikning-málun-grafík, Myndasögur, Leir og skúlptúr og líka almennt myndlistarnámskeið. Fyrir unglingana (13-16 ára) var boðið upp á eftirfarandi námskeið: Teikning-málun-grafík, Myndasögur og Leirmótun, rennsla og steypa. Tvö námskeið voru í boði fyrir blind og sjónskert börn, eitt í dymbilvikunni og eitt sumarnámskeið. Kennarar á báðum námskeiðum voru Brynhildur Þorgeirsdóttir og Margrét H. Blöndal.

HRINGBRAUT – KORPÚLFSSTAÐIR - BAKKASTAÐIR

Áfram var kennt á tveimur stöðum, á Hringbraut og í Grafarvogi. Til að mæta niðurskurði í framlagi borgarinnar til barnadeildar var útibúinu á Korpúlfsstöðum lokað um vorið og starfið flutt á vinnustofu Brynhildar Þorgeirsdóttur að Bakkastöðum. Hugmyndir voru um að bjóða líka upp á námskeið fyrir fullorðna þar, en ekki náðist næg þátttaka í annað en barnanámskeiðin.

ENDURMENNTUN FYRIR KENNARA BARNAEILDAR



Endurmenntun kennara barnadeildar - Kennari: Kristín Hauksdóttir

Þessi mikilvægi þáttur í starfi barnadeildar er að festa sig í sessi. Í mars komu kennarar saman eina kvöldstund og nutu leiðsagnar Kristínar Hauksdóttur í grafiktilraunum, með áherslu á ólíkar gerðir einþrykks.

LEIGUBÍLAFYLGD

Boðið var upp á leigubílafylgd í Vesturbæ í samstarfi við frístundaheimilin, eins og undanfarna vetur.

LEIKSKÓLASAMSTARF



Leikskólasamstarf - Kennari: Guðrún Vera Hjartardóttir

Samstarfið við Leikskóla Reykjavíkur var með sama sniði og árið áður. Styrkupp hæð var líka óbreytt. Eins og mælst hafði verið til af hálfu leikskólasviðs lauk samstarfinu við þáttökuskóla síðasta vetrar að vori og var þá auglýst eftir nýjum leikskólum til samstarfs. Umsóknir voru færri en árið áður, en líklega var því um að kenna að umsóknarfrestur var mjög stuttur þar sem ákvörðun um að veita styrkinn var tekin mjög seint. Tveir nýir skólar voru valdir, Vesturborg og Holt. Vesturborg er í næsta nágrenni við Myndlistaskólann og hafði sótt um þátttöku nokkrum sinnum áður, en Holt er nýr sameinaður leiksóli í Breiðholti. Umfang samstarfsins var óbreytt, fjórir sjö barna hópar komu frá hvorum skóla og hver hópur kom í sex skipti í Myndlistaskólann. Kennarar í leikskólasamstarfinu voru að vori Elsa Dórothea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir, en að hausti tók Guðrún Vera Hjartardóttir við af Hildigunni.

Um haustið var boðið upp á opið námskeið fyrir leikskólakennara og byggði það á endurmenntunardeginum frá vorinu áður. Elsa og Hildigunnur sáu um það.

DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ

Dymbilvikunámskeið hafa fest sig í sessi og eru orðin fastur liður hjá ákveðnum hópi sem ekki hafa tíma til að vera á námskeiði í Myndlistaskólanum allan veturinn. Þessi þriggja daga námskeið bjóða upp á aðra möguleika en vetrarnámskeiðin þar sem nemendur geta lagt undir sig ákveðin rými skólans, gengið út í lok dags og komið að öllu óbreyttu næsta morgun. Í ár var boðið upp á tvö námskeið: GALDRAÐ OG KVIKAÐ í umsjá Þóreyjar Mjallhvítar Ómarsdóttur og TILFÆRINGAR, fyrir blind og sjónskert börn í umsjá Brynhildar Þorgeirsdóttur og Margrétar H. Blöndal.

SUMARSTARF



FÍFLAR OG BALDURSBRÁR - Sumarnámskeið



KÖNGULÆR OG HÚSAFÓLK - Sumarnámskeið

Sumarnámskeið voru með hefðbundnu sniði, vikulöng námskeið hálfan dag í senn fyrir aldurshópana 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Fyrir yngri hópana var boðið upp á þrjú námskeið: FÍFLAR OG BALDURSBRÁR, ARFI EÐA LITUR?, þar sem viðfangsefnið var jurttalun og náttúruskoðun, KÖNGULÆR OG HÚSAFÓLK, námskeið í samvinnu við Listasafn Íslands í tilefni sýningar á verkum Louise Bourgeois á Listahátíð og þriggja daga örnámskeið í grafíktilraunum, INN OG ÚT Á HAUS OG Á HVOLF. Ákveðið var að bjóða upp á fleiri námskeið fyrir unglunga en endranær, til að mæta ætlaðri þörf fyrir meira unglíngastarf þar sem minni vinna var í boði hjá Vinnuskólanum vegna niðurskurðar. Þátttaka var ekki í samræmi við væntingar og skráðist bara í hefðbundið námskeið í teikningu. Einnig var boðið upp á eitt námskeið fyrir blind og sjónskert börn.

Vegna niðurskurðar hjá Vinnuskóla Reykjavíkur varð ekki framhald á samstarfi okkar við hann. Það er mjög miður því þetta var mjög þakklátt verkefni og mikilvægt til að auka skilning fólks á að listsköpun er vinna. Margir biðu spenntir eftir að sækja um og urðu þeir fyrir miklum vonbrigðum, því verkefnið hefur spurst vel út.

Nemendur á vetrarnámskeiðum voru 353 og á sumarnámskeiðum og í dymbilviku voru 165 nemendur, þar af voru 10 á námskeiðum fyrir blind og sjónskert börn. Í leikskólasamstarfi tóku þátt 56 börn og í listbúðum grunnskólabarna í Norræna húsin (VÍÐÁTTA OG RJÓÐUR) og í Húsaskóla 427 börn. Samtals tóku 945 börn á aldrinum 3-16 ára þátt í starfi barnadeildar á árinu.

Aldursskipting nemenda á vetrar- og sumarnámskeiðum

VETRARNÁMSKEIÐ		SUMARNÁMSKEIÐ OG DYMBILVIKA	
3-5 ára	43		
6-9 ára	123	6-9 ára	100
8-11 ára	20		
10-12 ára	101	8-12 ára	53
13-16 ára	66	13-16 ára	12
samtals	353	samtals	165

Nemendur í barnadeild eiga langflestir lögheimili í Reykjavík. Af 248 nemendum á vetrarnámskeiðum eru aðeins 28 nemendur sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur. Athyglisvert er að skoða úr hvaða hverfum borgarinnar nemendur koma. Langflestir koma úr Vesturbæ , Miðbæ og Hlíðum (148). Miklu færri koma úr öðrum hverfum borgarinnar (40). Fjöldi nemenda eftir póstnúmerum (lögheimili)

Mismunur á fjölda nemenda í talningu eftir aldurshópum annars vegar og lögheimili hins vegar, skýrist af því að í fyrra dæminu er talinn fjöldi nemenda á haustönn og vorönn, og eru nemendur sem eru hér báðar anninnar tvítaldir, - í seinna dæminu er hver nemandi talinn einu sinni.



SÝNINGAR OG ÖNNUR VERKEFNI UTAN HEFÐBUNDINS VETRATSTARFS

LANDSLAG Í LISTASAFNI



Landslag í listasafni

Í febrúar var sýning á verkum nemenda í Listasafni Íslands. Yfirskrift sýningarinnar var Landslag í Listasafni en verkin á sýningunni voru unnin út frá skoðun á verkum á sýningunni Áfangar (úr safneign Listasafnsins) – þar sem landslag er á einhvern hátt viðfangsefni listamannanna – eða út frá hugmyndinni um landslag. Kennarar sem tóku þátt í þessu verkefni með nemendum sínum voru Brynhildur Þorgeirsdóttir og Ína Salóme, Hildur Steinþórsdóttir og Ástríður Magnúsdóttir, Guðbjörg Káradóttir og Björk Guðnadóttir.

EKSPERIMENTA ! - ALPJÓÐLEGUR ÞRÍÆRINGUR Í TALLIN

Myndlistaskólanum var boðið að taka þátt í Eksperimenta! - alpjóðlegri myndlistarsýningu fyrir ungt fólk á aldrinum 14-19 ára. Tallin var menningarborg Evrópu árið 2011 og var sýningin einn af stærri viðburðum menningarborgarinnar. Auk Myndlistaskólans tóku þátt skólar frá Rússlandi, Þýskalandi, Eistlandi, Írlandi, Lettlandi, Slóveníu, Finnlandi, Tyrklandi, Litháen, Portúgal, Kanada og Suður Kóreu. Verkefnið var mjög metnaðarfullt og leggja skipuleggjendur upp með að sýningin verði þríæringur.

Íslensku þátttakendurnir komu úr tveimur hópum 13-16 ára nemenda Myndlistaskólans. Þema sýningarinnar var RÝMI (enska SPACE).

Ákveðið var að "fókusera" á takmörkun rýmis. Hvað skilgreinir eða takmarkar rými? Það er hægt að líta á rými eins og lítinn heim eða litla veröld sem takmarkast af landamærum eða einhverjum mörkum. Rými getur verið áþreifanlegt eða huglægt, persónulegt (prívat) eða sameiginlegt (almennt). Hvað er það sem skilur á milli ólíkra rýma? Og hvað tengir ólík rými saman? Á þessu svæði var valið að sveima; á mærum og tengingum á milli ólíkra rýma - áþreifanlegra, huglægra og í tíma. Ýmis hugtök komu upp í ferlinu sem tengjast rými; persónulegt / almennt / sameiginlegt / einka / kunnuglegt / framandi / skáldað / ævintýralegt / takmarkað / þröngt / vitt / nútíð / þátíð / framtíð / hefðbundið.

Teikninemendurnir unnu með sitt persónulegasta rými; herbergið sitt.

Hvaða mynd gefur herbergið þitt af þér? Er hægt að líta á herbergið þitt eins og nokkurs konar sjálfsmýnd?

Herbergið er eins og svið fyrir lífið eða allavega þann hluta þess sem er mest einka, og staðurinn þar sem þig dreymir. Nemendur gerðu líkan af herberginu sínu sem virkaði eins og tómur strigi fyrir það sem á eftir kom. Þeir völdu sér orð eða tilfinningu til að vinna með og umbreyttu herberginu, - gerðu það að einhverju nýju. Orðin / tilfinningarnar sem þau völdu voru mjög ólík. Til dæmis: náttúra, hryllingur, ævintýri, kuldi, bleyta....

Þorbjörg fór til Tallin og setti sýninguna upp og tók þátt í málstofu sem haldin var í tengslum við sýninguna. Ingibjörg tók líka þátt í opunarhátíðinni og ráðstefnu Arts4all sem haldin var samhliða Eksperimenta!

Vegleg sýningarskrá var gefin út með sýningunni og fengu allir þátttakendur eitt eintak. Heimasíða sýningarinnar er: www.eksperimenta.net



Eksperimenta - Kennari: Þorbjörg Þorvaldsdóttir

LISTASMIÐJUR Í HÚSASKÓLA

Tilraun var gerð með nýja möguleika á samstarfi við grunnskólana. Sjö kennarar frá Húsaskóla komu á námskeið í hreyfimyndagerð í Myndlistaskólanum hjá Þóreyju Mjallhvíti Heiðar- og Ómarsdóttur og Erlu Stefánsdóttur. Í maí fóru kennarar frá Myndlistaskólanum og settu upp listasmiðjur með kennurum Húsaskóla á þemadögum skólans. Listasmiðjurnar stóðu í þrjá daga og var kennt frá hálfni til hálfteitt. Settar voru upp þrens konar stöðvar þar sem unnið var á ólíkan hátt í hreyfimyndagerð: 1) Ljós og skuggi / pixelation, 2) Sykurmolaflakk / litafraeði (þar sem unnið var með sykurmola og fundið efni), 3) Málverk / leir (þar var unnið með spuna). Nemendur voru 77 og var þeim skipt í 6 hópa. Hóparnir fóru á milli allra stöðvanna þriggja og voru einn dag á hverri. Þetta var mikil törn og talsverð útgerð frá Myndlistaskólanum. Skólinn lánaði tölvur og myndavélar og talsvert efni var flutt á milli staða. En mikil ánægja var með listasmiðjurnar, sérstaklega hjá kennurum og nemendum Húsaskóla.

MYNDASÖGUR OG ÚTGÁFA

Útgáfa myndasögublaðsins AAA!!! hélt áfram og kom fjórða tölublað út á árinu.

Myndlistaskólinn og Borgarbókasafnið héldu áfram samstarfi sínu um myndasögusamkeppni og sýningu. Yfirskrift samkeppninnar í ár var Ofurhetjan í tilefni sjötugsafmælis Ofurkonunnar / Wonder Woman. Sýningin opnaði í bókasafninu 8.maí og eins og áður voru nemendur Myndlistaskólans meðal vinningshafa. Að vanda voru fyrstu verðlaun gjafakort fyrir námskeiði í Myndlistaskólanum.

VÍÐÁTTA OG RJÓÐUR – SÝNING OG LISTASMÍÐJUR Í NORRÆNA HÚSINU



Víðátta og rjóður - Kennari: Guja Dögg og Hildur Steinþórsdóttir

Laugardaginn 21.maí opnaði sýningin VÍÐÁTTA OG RJÓÐUR í Norræna húsinu. Sýningin veitti innsýn í margvísleg verkefni sem unnin voru í þrennum norrænum listbúðum fyrir unglinga sem Myndlistaskólinn tók þátt í ásamt ARKKI skólanum finnska og Billedeskolen í Tvillingehallen í Kaupmannahöfn. Búðirnar fóru fram þrjú undanfarin sumur – ein í hverju landi – og var viðfangsefnið í þeim öllum náttúra og manngert umhverfi. Guja Dögg Hauksdóttir var sýningarstjóri en hún tók þátt í öllum listbúðunum þrennum fyrir hönd Myndlistaskólans.



Víðátta og rjóður - Kennari: Guja Dögg og Hildur Steinþórsdóttir


Í tengslum við sýninguna var grunnskólanemum boðið að koma á listsmíðjur í Norræna húsinu. Kennarar á þeim voru Guja Dögg og Hildur Steinþórsdóttir. Menntamálaráðuneytið styrkti þetta verkefni.

BETWEEN REALITY AND POSSIBLE FICTION / Á MÖRKUM VERULEIKA OG MÖGULEIKA



Á mörkum veruleika og möguleika - Kennari: Hildur Steinþórsdóttir og Margrét H Blöndal

Í ágúst stóð Myndlistaskólinn fyrir alþjóðlegum listbúðum í Gróttu á Seltjarnarnesi í samvinnu við ARKKI skólann finnska og Kunst- & Musikschule Remscheid, Þýskalandi. Þetta voru vikulangar listbúðir þar sem komu saman 28 unglingar, 12 frá Myndlistaskólanum og 8 frá hinum þáttökuskólunum, hvorum um sig, og tveir kennarar frá hverjum skóla. Kennarar Myndlistaskólans voru Hildur Steinþórsdóttir og Margrét H Blöndal, en Brynhildur Þorgeirsdóttir eldaði ofan í mannskapinn. Í listbúðunum tókust þátttakendur á við verkefni innblásin af listamanninum Oscar Schlemmer, en í verkum sínum notaði hann líkamann sem viðfangsefni og leitaðist við að umbreyta honum í gegnum leik með hlutföll og búninga.





Verkefnið var styrkt af Evrópu unga fólksins, Seltjarnarnesbær lagði fram aðstöðu í Gróttu og í Valhúsaskóla og Rótary-menn lánuðu skálann sinn í Gróttu. Sýning um verkefnið var opnuð í Bókasafni Seltjarnarness í desember.

STYRKUR TIL NIÐURGREIÐSLU SKÓLAGJALDA

Lista- og vísindasjóður veitti styrk til þriggja myndlistaskóla; í Reykjavík, í Kópavogi og á Akureyri. Styrkurinn var bundinn barna- og unglingastarfi skólanna og ákvað stjórn Myndlistaskólans að honum skyldi varið til að aðstoða foreldra og forráðamenn sem eiga erfitt með að greiða skólagjöld barna sinna.

Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar og Myndlistaskólans er tiltekið að framlag borgarinnar til skólans skuli nýtt til að styrkja börn sem hafa lögheimili í Reykjavík en skólinn hefur hingað til boðið öllum börnum að taka þátt í skólustarfinu á sömu kjörum. Nú hafa aðstæður breyst og Reykjavíkurborg neyðst til að skera niður framlög til skólans og aukið álögur svo eiginleg framlög hafa minnkað um tæp 50% frá árinu 2008. Til að koma til móts við niðurskurðinn er skólanum nauðugur sá kostur að hækka skólagjöld barna sem ekki búa í Reykjavík. Þetta er gert til að mæta erfiðri rekstrarstöðu barna- og unglingadeildar en áður hefur skólinn stýtt námskeið og fjölgað í hópum til að minnka kostnað.

Þar sem nemendur frá Reykjavík geta líka stundað myndlistanám í Mosfellsbæ og í Kópavogi án þess að þurfa að greiða hærri skólagjöld þar mun skólinn bjóða nemendum þaðan sömu kjör. Nemendur sem koma frá öðrum sveitarfélögum þurfa að greiða 30% hærri gjöld.

ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ FYRIR LEIKSKÓLAKENNARA

Í september var haldið opið endurmenntunarnámskeið fyrir leikskólakennara sem byggði á endurmenntunardeginum í leikskólasamstarfinu. Eins og þar var námskeiðið einn dagur. Með þessu er hægt að gefa fleirum tækifæri til að njóta þess góða starfs og þeirrar reynslu sem byggst hefur upp í leikskólasamstarfinu. Námskeiðið mæltist vel fyrir og greinilegt að eftirspurn er eftir námskeiði sem þessu.

STYRKIR OG STYRKUMSÓKNIR

Styrkir sem deildin fékk á árinu voru eftirfarandi:

Almennur styrkur Menntaráðs: 2.000.000 fyrir leikskólustarfið

Menntamálaráðuneytið: 400.000 fyrir VÍÐÁTTA OG RJÓÐUR, listasmiðjur í Norræna húsinu.

Barnamenningarsjóður: 200.000 fyrir sumarnámskeið fyrir blind og sjónskert börn. Blindrafélagið: 150.000 og Blindravinafélagið: 150.000. Samtals 300.000 fyrir Dymbilvikunámskeið fyrir blind og sjónskert börn.

Endurmenntunarsjóður Grunnskóla: 180.000 fyrir Myndlist-stærðfræði, endurmenntunarnámskeið fyrir grunnskólakennara. Þann styrk náðum við ekki að nýta þar sem hann var ekki nema helmingur þess sem sótt var um og ekki fékkst samþykkt að færa hann til næsta skólaárs og nýta í listbúðaverkefni.

Odfellow: 1.000.000 til niðurgreiðslu skólagjalda fyrir fjölskyldur í fjárhagserfiðleikum.

Aðrir styrkir sem sótt var um:

Tvær umsóknir voru sendar inn í Þróunarsjóð námsganga; annars vegar fyrir Kveikjuna og hins vegar til þýðingar á „Tool Kit“ námsefni í byggingarlist frá PLAYCE. 1.000.000 króna styrkur fékkst fyrir Kveikjuna en hinni umsókninni var hafnað.

Ekki fékkst styrkur sem sótt var um til Æskulýðssjóð fyrir BETWEEN REALITY AND POSSIBLE FICTION.

Myndlista og- Hönnunar svið

Af 83 umsóknum sem bárust fyrir árið 2010-2011, var 34 nemendum boðin skólavist við Myndlista og hönnunar svið. Af þeim útskrifuðust 33 nemendur vorið 2011. Einn hætti námi vegna veikinda.

23 sendu inn umsókn í LHÍ, einum var hafnað og stunda því 22 einstaklingar úr hópnum nám við hinar ýmsu deildir.

2 sóttu um skóla erlendis og var boðin skólavist.

1 sótti um í Teiknadeild MIR en var hafnað

7 sóttu ekki um áframhaldandi listnám.



VOR 2011;

Janúar;

Kennsla vorið 2011 hófst þann 4.janúar með ljósmynda og tölvuáfanga 2 og stóð lotan til 14.janúar. **Erla Stefánsdóttir** og **Vígfús Birgisson** kenndu ljósmyndun en **Anna Hallin** kenndi á tölvur.

Nemendur fengu góðan tíma til að læra að ljósmynda eigin verk, bæði tvívið og þrívið með stafrænum myndavélum en auk þess fengu þeir að snerta á sv/hv ljósmyndun. Í tölvuáfanganum dýpkuðu nemendur þekkingu sína á forritunum Indesign og Photoshop, með það að leiðarljósi að geta búið til möppu/portfolio. Þriðji hluti ljósmyndunar og tölvu var eins og áður valmöguleiki. Ljósmyndun 3 skiptist niður í sv/hv.ljósmyndun, stafræna ljósmyndun og stuttmyndagerð. Í tölvuáfanga 3 unnu nemendur áfram með myndvinnsluforrit auk þess sem þeir gerðu tilraunir með 2D animation forrit. Haldin var sýning á ljósmynda og tölvu verkefnum nemenda í Gallerí Tukt í mars 2011.

Elsa D.Gísladóttir og **Ingólfur Arnarsson** kenndu áfangann Teikning – myndgreining - myndbygging.

Á tímabilinu var farið á sýninguna **Án áfangastaðar** í Hafnarhúsinu og **MoMS Penetration** innsetning eftir **Munda, Morra** og **Ragnar Fjalar í Kling og Bang**. **Mundi** tók á móti hópnum og sagði frá sýningunni auk þess sem hann ræddi um fatahönnun og samstarf sitt við austurríska hópinn Gelatin. **Ingólfur Arnarsson** hélt fyrirlestur um teikningu í viðum skilningi og tengdi m.a. teikningu við hljóð og tónlist.



Myndlista og Hönnunarsvið - Nemandi: Sigríður Hulda Sigurðardóttir

Febrúar;

Eygló Harðardóttir og **Hildigunnur Birgisdóttir** kenndu þríviða formfræði.

Haldið var áfram að tengja verkefni í þríviðri formfræði við Lyngás, (dagvistun fyrir fatlaða). Nemendum var boðin leiðsögn um dagvistunina auk þess sem þeir fengu fræðslu um þarfir þeirra einstaklinga sem sækja Lyngás. Í kjölfar heimsóknanna var **Margrét H. Blöndal** fengin til að ræða um reynslu sína af því að kenna blindum og sjónskertum börnum myndlist. Nemendur unnu hugmyndir ú frá Lyngásheimsókn og fengu val um að vinna verkefnið áfram í næsta áfanga. **Stoðtækjafyrirtækið Össur** var heimsótt og hlýddu nemendur á fyrirlestur um sögu fyrirtækisins og framleiðslu stoðtækja auk þess sem þeim gafst kostur á að skoða verkstæðin. **Gabríela Friðriksdóttir** hélt fyrirlestur um feril sinn með áherslu á efnisnotkun í verkum sínum.

Febrúar;

Í Verkstæðisáfangi 1 var að þessu sinni ákveðið að bjóða nemendum að velja á milli „Hljóð og Mynd“ eða „hönnunarmiðaðan áfanga“. Hópurinn skiptist hér um bil jafnt á milli staða.

Sigtryggur Berg Sigmarsson og Sigurður Guðjónsson kenndu „Hljóð og Mynd“.

Markmiðið var að gefa nemendum færi á að vinna vídeóverk og sjálfstætt hljóðverk. Kennt var á ýmis klippiforrit og luku nemendur við stutt myndskreið þar sem hljóð og mynd spiluðu saman. Nemendum var einnig kennt að taka upp hljóð og vinna það áfram í mismunandi forritum þannig að hljóðið gat staðið eitt og sér eða orðið hluti af myndbandsverki.

Hildur Steinþórsdóttir og Tinna Gunnarsdóttir sáu um hönnunarmiðaða kúrsinn sem fékk heitið „að elta það sem heillar“.

Í áfanganum var ákveðið að nýta staðsetningu Slippsins sem kveikju/þema og gátu nemendur unnið útrá þeim forsendum hvort sem þeir höfðu áhuga á arkitektúr, grafískri hönnun, vöruhönnun eða öðru. Lögð var áhersla á vinnuferli hönnuða og rannsóknarvinnu. **Anna María Bogadóttir**, menningarfræðingur og arkitekt var fengin sem gestafyrirlesari til að segja frá rannsóknum fyrirtækisins Úrbanistan.

Mars;

Margrét H. Blöndal og Kolbeinn Hugi Höskuldsson sáu um **Hugmyndavinnu 2**

Ásmundur Ásmundsson var fengin til að halda fyrirlestur. Unnin voru stutt verkefni dag hvern, verkefni vetrarins voru skoðuð en vikunni lauk með yfirferð þar sem nemendur sögðu frá hugmyndum sem þeir ætluðu að útfæra í verkstæðisáfangi.

Karolina Boguslawska og Shauna Laurel Jones skiptu á milli sín kennslu í listasögu á vorönn. Vegna samstarfs Myndlistaskólans við Tækniskólann gátu nemendur valið að sækja tíma í hönnunarsögu eða listasögu. Alls sóttu 8 nemendur tíma í **Hönnunarsögu** hjá **Elísabetu Ingvarsdóttir** sem kenndi í húsnæði **Tækniskólans**. Í listasöguhluta hönnunarsögunnar var **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** mannfraeðingur fengin sem gestur til að fjalla um myndlist í ólíkum menningarheimum.

Mars;

Eygló Harðardóttir og Hildur Steinþórsdóttir voru fengnar til að leiðbeina/ráðleggja nemendum varðandi möppugerð.



Myndlista- og Hönnunarsvið - Útskriftarsýning í Gömlu Netagerðinni á Granda

Mars-apríl;

Kennarar „verkstæðisáfangi 2 - Lokaúrvinnsla“ voru Olga Bergmann, Ólöf Nordal og Ingólfur Arnarsson.

Ólafur Gíslason listfræðingur, hélt fyrirlestur um fyrirbærafræði Maurice **Merleau-ponty**. Farið var í vettvangsferð í tónlistarhúsið Hörpu þar sem arkitekt leiddi hópinn um nýbygginguna sem átti að opna mánuði síðar. Starfsmaður **teiknimyndafyrirtækisins** Caoz tók á móti nemendahópnum í húsakynnum fyrirtækisins og sýndi og sagði frá vinnuferli **teiknimyndarinnar um Thor**. Nemendur fengu að sjá brot úr myndinni sem stóð til að frumsýna seinna sama ár. Í lokayfirferð áfangans voru **Anna Líndal** og **Egill Kalevi Egilsson**, hönnuður, fengnir sem gestir.

Útskrift & sýning

Formleg útskrift fór fram í kaffistofu Myndlistaskólans klukkutíma áður en útskriftarsýning var opnuð í **Netagerðinni við Grandagarð**. Var þetta í fyrsta sinn sem haldin var sameiginleg sýning allra deilda utan skólans. Um sýningarstjórn sáu **Anna Hallin** og **Olga Bergmann**.

Nokkrir punktar deildarstjóra um vorönn;

Á vorönn voru helstu breytingar þær að nemendur gátu valið eftir áhugasviði sínu hvort þeir lærðu að gera vídeó&hljóð eða unnu hönnunarmiðuð verkefni. Reyndist þetta kærkomin viðbót sem syndi sig best í því að nemendur sem sóttu um í hönnunardeildum LHÍ komust inn í deildir sem þeir óskuðu sér. Verkefni sem unnin voru reyndust áhugaverð og úrvinnslan spennandi Einnig virkaði betur fyrir kennara mynd & hljóð áfangans að vinna með smærri hóp nemenda. Það þyrfti þó að huga betur að stofum næst þannig að þessir ólíku hópar þurfi ekki að vinna í sömu stofum, enda veruleg truflum sem getur fylgt vídeó og hljóðvinnu. Hönnunarhópurinn fékk að vinna í stofum Keramikdeildar seinni hluta tímabilsins og gekk þeim eftir það mun betur að einbeita sér.

Haldið var áfram að leyfa nemendum að vinna frjálst í lok hvers áfanga, út frá efni og verkþjálfun sem unnið var með. Rætt var hvort rétt væri að auka þann tíma sem nemendur fá í þessa vinnu og fella út hugmyndavinnu.

Áhugavert væri að þróa áfram inntökupróf og skoða hvernig fylgni er milli niðurstöðu inntökuprófs og almennrar stöðu nemenda í náminu. Einnig að skoða einstaka þætti inntökuprófs og kanna hvaða þættir gefa bestu vísbindinguna um gott gengi nemenda.

Einnig væri gott að skoða hvaða grunn nemendur eru í raun með þegar þeir sækja um myndlista- og hönnunarbraut og hver þróunin er. Á síðustu árum virðist deildarstjóra sem aukist hafi að umsækjendur hafi lokið sambærilegum listnámsbrautum og þeir eru í raun að sækjast eftir að komast inn í með námi á Myndlista- og hönnunarsviði.

Erfitt er að vísa svo mörgum góðum umsækjendum frá námi. Kanna þarf möguleika á að kynna fyrir nemendum möguleika á viðbótarnámi í diplómadeildum.



Myndlista- og Hönnunarsvið - Útskriftarsýning í Gömlu Netagerðinni á Granda

Inntaka nýrra nemenda

Vorið 2011 bárust 83 nýjar umsóknir á Myndlista og hönnunarsvið fyrir árið 2011-2012. Þar af tóku 71 inntökupróf fyrstu helgina í júní og var 34 umsækjendum boðin skólavist.



Litafræði - Kennarar: Eygló Harðardóttir og Einar Garibaldi Eiríksson

Haust 2011

Ágúst;

Elsa D. Gísladóttir og Þóra Sigurðardóttir sáu um fyrsta teikniáfangann „Teikningu-fjarvídd“

Farið var á sýningu **Louise Bourgeois „Kona/Femme“** í Listasafn Íslands en einnig á sýngingu **Olgu Bergmann** og **Önnu Hallin „Gárur“** í **Kling og Bang**.

September;

Ljósmyndun&Tölva 1. Ljósmyndakennarar voru Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson.

Ákveðið var að endurtaka tilraun síðasta árs þ.e. að kenna ljósm.og tölvu í lotum frekar en að teygja kúrsana yfir heila önn. Í ljósmyndahlutanum fengu nemdur kennslu á stafrænar myndavélar, kynntust ýmsum myndvinnsluforritum og unnu verkefni þar sem bæði ljósmyndun og vídeómiðill var nýttur. Sýning **Robert Mapplethorpe** var skoðuð í **i8**.

Um tölvukennslu sá Helga Óskarsdóttir. Ákveðið var að umbylta hugmyndum tölvuáfangans hvað varðar notkun á forritum eins og Photoshop og Indesign en þess í stað voru gerðar tilraunir með öll þau opinn hugbúnað sem hlaða má niður af internetinu. Ekki voru þó allir nemendur sáttir við þessa tilraun og töldu sig frekar þurfa á kennslu að halda á með forrit sem viðurkennd eru af fagfólki.

Shauna Laurel Jones sá að þessu sinni ein um listasögukennslu sem spannaði alla haustönnina.

Ósk Vilhjálmsdóttir tók að sér þáttinn „Skapandi starfumhverfi“ þar sem hún kynnti fyrir nemendum möguleika til áframhaldandi náms. Einnig unnu nemendur greinargerð og ferilskrá.


September;

Kennsla í Módelteikningu 1 var að þessu sinni í höndum **Elsu D.Gísladóttur, Ingólfs Arnarssonar, Þorra Hringssonar og Halldórs Baldurssonar.** **Ólafur Gíslason** hélt fyrirlestur um mannlíkamann í gegnum aldirnar. Sýndar voru vídeómyndir um **Matthew Barney** og **Caravaggio**.

Október;

Ingólfur Arnarsson og Unnar Örn Auðarson Jónasson kenndu tvívíða formfræði.

Báðir héldu fyrirlestra um formfræði en með ólíku sniði. Farið var í vettvangsferð en einnig var farið í heimsókn í Hafnarhúsið þar sem Ingólfur sagði frá sýningunni **Hraðari-hægari línur.** **Ósk Vilhjálmsdóttir** tók á mótí nemendahópnum og sagði frá sýningunni **Tígrisdýramjólk.**



Litafræði - Kennarar: Eygló Harðardóttir og Einar Garibaldi Eiríksson

Nóvember;

Eygló Harðardóttir og Einar Garibaldi Eiríksson sáu um fjögurra vikna kennslu í litafræði. Áfanganum var skipt í liti - tvívídd, liti - þrívídd og liti- rými.

Borgarleikhúsið var heimsótt og fengu nemendur sjá vinnuferli ljósamanna í leikhúsinu. Einnig var farið í tónlistarhúsið Hörpu þar sem ljósameistri Eldborgar sýndi nemendum margvíslega möguleika ljóss og lita og hvernig kalla má fram mismunandi tilfinningar og stemningu með ljósum í óperu Mózarts „Næturgalanum“. Messíana Tómasdóttir kom og hélt fyrirlestur um litafræði. Nemendur hlýddu á Ingu Þóreyju Jóhannsdóttur fjalla um „vinnustofuna“ og eigin verk í LHÍ.

Desember;

Ragnhildur Stefánsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þorri Hringsson og Anna Cynthia Leplar kenndu Módelteikningu 2 í lok ársins.

Ólöf Ingólfssdóttir, dansari hélt fyrirlestur um mannslikamann í rýminu og horft var á myndbönd um nútímadans. Hjá Ragnhildi lærðu nemendur að móta mannslikamann með leir á meðan Þorri og Anna sáu um anatómíu-kennslu. Sólveig fór með nemendur í húsdýragarðinn og lét þá teikna dýr. Samið var við stjórnendur húsdýragarðsins um að nemendur fengju að vera frítt í garðinum einn dag í viku en mundu þess í stað halda sýningu á teikningunum mánuði seinna í vistarverum húsdýranna.

Nokkrir punktar deildarstjóra um haustönn 2011

Það voru í sjálfu sér ekki miklar breytingar á skipulagi eða námsefni haustannar. Það sem einkenndi þó önnina var hversu ólíkur nemendahópurinn var og að 6 nemendur hættu námi af ýmsum ástæðum. Þetta er meira brottfall en oft áður. Tilraun Sólveigar Aðalsteinsdóttur um að fara með nemendur í húsdýragarðinn til að teikna dýrin. Þrátt fyrir mikinn kulda voru nemendur afar kátir með þessa leið og niðurstöðurnar voru skemmtilegar.

Nokkur óánægja var með tölvuverið og er ljóst að huga þarf betur að búnaði (tölvum, prenturum, skönnum) og hugbúnaði.

SJÓNLISTAÐEILD



Teikning 2 - Kennarar: Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir



3d formfræði - Kennarar: Hildigunnur Birgisdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Einar Þorsteinn Ásgeirsson



3d formfræði - Kennarar: Hildigunnur Birgisdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Einar Þorsteinn Ásgeirsson



Teikning 2 - Kennarar: Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir

HAUST 2011

Í mars 2011 óskaði Myndlistaskólinn í Reykjavík eftir leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að bjóða upp á tveggja ára heildstætt nám í sjónlistum á framhaldsskólastigi þar sem gert væri ráð fyrir að nemendur hefðu þegar tekið 60 feiningar í sínum nærskóla, þar af 30 feiningar í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði.

Í júní fékk skólinn munnlegt vilyrði frá ráðuneytinu og auglýsti í kjölfarið eftir umsóknum um nýtt nám. Myndlistaskólinn réði til sín verkefnastjóra, Bjarka Bragason í 80% starfshlutfall sem ásamt skólastjóra og deildarstjóra kom að þróun hugmynda um nýja námskrá skólans auk þess sem unnið var að skipulagningu fyrsta skólaársins.

Umsóknir í Sjónlistadeild sumar 2011

Alls bárust 32 umsóknir í deildina eftir snarpa auglýsingaherferð og 28 fengu boð í inntökuþróf 10. júní 2011. Af þeim var 25 boðin skólavist en auk þeirra var 6 umsækjendum, sem sótt höfðu um en ekki fengið pláss á Myndlista- og hönnunarsviði boðin skólavist í Sjónlistadeild. Að auki bættust tveir í hópinn viku eftir skólasetningu. Samtals voru 33 nemendur skráðir í Sjónlistadeild.

Þegar leið á önnina var einum nemanda vísað úr skólanum en 5 hættu sjálfir námi á miðri önn.

Í tengslum við sjónlistadeild réð Myndlistaskólinn námsráðgjafa, **Önnu Sigurðardóttir** í 20% stöðu í upphafi skólaárs og hefur ráðning hennar reynst kærkomin viðbót fyrir bæði nemendur og kennara skólans.



Mótun mannslikamans og frjálst verkefni úr Teikning 2

Ágúst;

Haustönn hófst með **Ljósmynda** og **tölvuáfangi**. Kennarar ljósmyndaáfangans voru **Erla Stefansdóttir** og **Vígús Birgisson** en **Helga Óskarsdóttir** kenndi á tölvur. Áfangarnir voru kenndir í tveimur lotum, ein vika í ágúst og önnur í október. Í ljósmyndahlutanum fengu nemendur kennslu á stafrænar myndavélar, kynntust ýmsum myndvinnsluforritum og unnu verkefni þar sem bæði ljósmyndun og vídeómiðill var nýttur. Sýning **Roberts Mapplethorpe** var skoðuð í i8. Í tölvuáfanganum voru gerðar tilraunir með að kenna á frjáls forrit sem finna má á internetinu. Nemendur unnu verkefni með myndvinnsluforritinu GIMP og hreyfimyndaforritið Blender 3D.

September;

Íslenskuáfangi hófst á annarri viku haustannar og var megináhersla lögð á leik, frelsi, flæði og eigin uppgötvun nemenda, með það að leiðarljósi að þeir skildu hversu mikið og víðtækt vald þeir í raun hefðu á íslenski tungu. Kennslan fór fram í stofum skólans en einnig voru nemendur beðnir um að leita hugmynda utandyra, sem einstaklingar og í hópum. Kennarar voru **Davíð A. Stefánsson**, ljóðskáld og **Þorvaldur Þorsteinsson**, myndlistarmaður og rithöfundur. Afrakstur fyrstu lotu voru m.a. stuttir gjörningar, bókverkin „Sögur úr Vesturbænum“ og stofnaður var sérstakur nýyrðabanki. Í síðari hluta áfangans sem kenndur var í lok nóvember, þegar nemendum var orðið tamt að tjá sig, spinna og skrifa frjállega, var unnið meira með þá texta sem sköpuðust í leiknum. Áhersla var þá lögð á framlag, sérstöðu og ábyrgð einstaklingsins, bæði sem manneskju og listamanns; að ekki væri nóg að leika sér og spinna heldur þurfi hver og einn ennfremur að velja og þróa tiltekna punkta nánar.

Kennarar áfangans **Teikning-fjarvídd** voru **Elsa D.Gísladóttir** og **Þóra Sigurðardóttir**, myndlistamenn. Þær höfðu stuttu áður kennt samskonar áfanga á Myndlista- og hönnunarsviði. Snemma kom í ljós að teikniverkefni sem lögð voru fyrir voru of þung fyrir nemendahópinn þar sem bakgrunnur nemenda var ekki sambærilegur við bakgrunn nema á Myndlista- og hönnunarsviði. Fjarvíddarverkefni voru því endurhugsuð um leið og ákveðið var að hægja á ferðinni. Teiknikennarar voru á þeirri skoðun að móta mætti og þróa hugmyndina betur varðandi tengsl fjarvíddarteikningar við stærðfræði – þarna voru margir spennandi möguleikar en að sjálfsgöðu sprettur áfangi ekki fram fullskapaður í fyrstu atrennu.

Stærðfræðihluti námsins teygði sig yfir alla haustönnina og var kenndur í þremur lotum sem tengdust jafn mörgum sjónlistaáföngum. **Anna Hrund Másdóttir** kennari áfangans byrjaði fyrstu lotu í fjórðu viku annarinnar og var kennslan samþættuð við áfangann Teikning-fjarvídd. Lagt var upp með að nemendur ynnu einungis með sirkil og reglustikum. Kennnd var Evklíðsk rúmfræði sem og mælingar, eiginleikar og tengsl lína, punkta, horna, flata og rúmhluta. Nemendur fengu verkefni þar sem þeir prófuðu að skilgreina hugtök með eigin orðum: punktur, lína, strik, flötur/slétta, skurðpunktur, samsíða línur. Nemendur lærðu að teikna jafnhliða þríhyrning, jafnarma þríhyrning, ferning, reglulegan fimmhyrning og sexhyrning með sirkli og stiku. Einnig voru nemendur látnir velta fyrir sér hvað mæling sé, hvort eitthvað sé til sem ekki sé hægt að mæla og hvort hægt sé að fara í gegnum daginn án þess að mæla eða hugsa um mælingar.



Frjáls verkefni úr teikningu 2 - Kennarar: Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir


Október;

Kennarar **Módelteikningu 1** voru **Þorri Hringsson** og **Katrín Bríem**. Nemendum var skipt í tvo hópa. Í ljós kom að hér um bil enginn úr nemendahópnum hafði áður teiknað nakið módel. Kennarar urðu því að byrjað á grunninum þ.e. að fjalla um hlutföll mannslíkamans og kúrsinn var tekin hægar en á Myndlista- og hönnunarsviði.

Nóvember;

Tvívið formfræði. Kennarar voru **Ingólfur Arnarsson** og **Unnar Örn Jónasson**, myndlistamenn. Fyrri hluti áfangans fór að miklu leyti í að rannsaka línur og gera ýmsar æfingar með frumformin. Einnig var unnið með hugtök eins og tilviljun, leturgerð, grátónaskali, áferð, óreiðu og munstur. Nemendur lásu valda kafla úr bókinni **Úr sjónarheimi** eftir **Guðmund Finnbogason** og horfðu á myndbönd sem tengdust viðfangsefninu. Kennarar formfræðiáfangans fluttu tvo fyrirlestara um verk móðernista og vildu með því leggja áherslu á mikilvægi formfræðinnar í daglegu lífi. Undir lokin fengu nemendur þau verkefni að gera plakat, geisladiskahulstur, plötuumslag og bol og fengu frelsi til að vinna út frá lögmálum formfræðinnar, en áttu að tengja verk sín við tónlist og skoða tengsl milli orða- og hugtakanotkunar í tónlist og myndlist. Það var samróma álit formfræðikennara að nemendur í Sjónlistadeild ættu auðveldara með að tengjast viðfangsefninu en þeir nemendur sem þeir höfðu áður kennt sama efni á Myndlista- og hönnunarsviði. Þeir litu svo á að abstrakt eðli stærðfræðinnar opnaði leið að óhlutbundinni hugsun í formfræðinni.

Önnur stærðfræðilota tengdist áfanganum Tvívið formfræði. Tímabilið hófst á upprifjun, þ.e. hvernig teikna ætti samsíða línur, grunnform og fleira sem farið hafði verið í gegnum í fyrstu lotunni. Einnig var geómetría skoðuð ásamt mynsturgerð og mandöllum. Nemendur lærðu að teikna margflötunga, reikna ummál, flatarmál og rúmmál. Flötungar Platóns voru kenndir þ.e. teningur, áttaflötungar, tólflötungar og tuttugflötungar. Nemendur lærðu að teikna gullin snið, rétthyrning og gullinn spiral. Hildur Steinþórsdóttir arkitekt var fengin til að halda fyrirlestur um hlutföll í arkitektúr. Kennnd var aðferð við að teikna gullinsnið með sirkli og reglustiku auk þess sem lítillaga var farið í Fibonaccí rununa.



3d formfræði - Nemandi: Alfreð Óskarsson - Kennarar: Hildigunnur Birgisdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Einar Þorsteinn Ásgeirsson

Desember;

Þriðja og síðasta stærðfræðilotan tengdist tveggja vikna áfanga í litafræði.

Kennarar litafræðiáfangans voru **Eygló Harðardóttir** og **Einar Garibaldi Eiríksson**, myndlistamenn. Samkvæmt tveggja ára skipulagi Sjónlistadeildar var ákveðið að skipta litafræði í tvo hluta. Sá fyrri var kenndur á fyrstu önn og sá seinni verður kenndur á þriðju önn (á öðru ári). Í þessum litafræðiáfanga voru kynntar ýmsar kenningar litafræðinnar og farið yfir hugtök sem henni tengjast. Notast var við grunnlitina þrjá og blöndun þeirra ásamt svörtum og hvítum. Nemandur gerðu grátónaskala, litahring og rannsókuðu eiginleika lita með tilliti til þess hvort þeir væru heitir eða kaldir.

Í stærðfræðihlutanum voru nemendur látnir halda fyrirlestur um ýmis viðfangsefni sem tengjast litafræði eða ljósfræði. Þau áttu sjálf að rannsaka þætti eins og hvað er ljós? hvernig sér/nemur augað liti/ljós? hverjir eru ljósgjafar, hvað eru ljósbylgjur, regnbogar og þrívíddar gleraugu og orkustöðvar lita. Gerðar voru tilraunir með ljós og nemendum sýndur munur á frumlitablöndun og ljóslitablöndun.

Enska - Listasaga

Um ensku og listasögukennslu sá **Shauna Laurel Jones**, listfræðingur. Fjallað var um vestræna listasögu frá tímum hellamálverka til miðalda. Í enskuhluta námsins lagði kennari áherslu á að byggja upp orðaforða nemenda og að auka færni þeirra til að tjá sig á ensku um listasögu og það sem snýr að listum og menningu samtímans. Í ljósi þess að nemendur hefðu mismikinn grunn ákvað kennari að leggja fyrir stöðupróf til að meta hæfni þeirra í að lesa, skrifa, skilja og tjá sig. Í kjölfarið var nemendum skipt í tvo hópa. Þeir sem höfðu færri einingar að baki fengu einfaldari verkefni og lengri tíma á meðan hinir voru látnir fá þyngri verkefni og unnu meira sjálfstætt. Í byrjun hvernar kennslustundar var sameiginlega farið yfir ákveðið námsefni en í seinni kennslustund unnu hóparnir í báðum stofum deildarinnar.

Listasaga teygði sig gjarnan yfir í enskútímana sem að mati kennarans reyndist góð viðbót. Báðir hópar lásu skálsögu **Tracey Chevalier The Lady and Unicorn** sem valin var sökum tengingar við listasögu og unnu nemendur skrifleg verkefni byggð á bókinni auk þess sem þeir fóru í munnlegt próf. Einnig lásu þeir og greindu ljóð. Önnur verkefni í áfanganum tengdust m.a. því að greina myndir m.t.t. myndbyggingar, formfræði og lita. Horft var á tvær heimildarmyndir sem fjölluðu um skynjun og um áhrif auglýsinga í samtímanum.

Í listasögu var áhersla lögð á hugtök sem tengjast skynjun og sjónarhorni og fjallað var um mannslíkamann í myndlist fyrri alda. Kenndar voru leiðir til að greina myndlist og lögð voru fyrir verkefni þar sem nemendur þurftu að gera skriflega greiningu á ákveðnum myndverkum um leið og þeir þurftu að ræða verkið og túlka það með persónulegum hætti sem var þá hugsað að félli undir ensku hluta áfangans. Á tímabilinu skiluðu nemendur tveimur stuttum ritgerðum, tóku miðannar próf sem samanstóð af stuttum ritgerðarspurningum og samskonar próf í lok áfangans.


Bjarki Bragason, myndlistamaður og verkefnastjóri í Sjónlistadeild kenndi Listheimspeki og menningarlæsi. Áfanginn teygði sig yfir önnina og byggðist að mestu upp á fyrirlestur, heimsóknunum á sýningar, umræðum og skriflegum verkefnum sem tengjast hugmyndafræði, heimspeki og menningu og list samtímans.

Eftirfarandi sýningar voru heimsóttar á haustönn 2011; **Læsi – Nýlistasafnið, Robert Mapplethorpe – i8, Kona/Femme: Louise Bourgeois – Listasafn Íslands, Hildur Hákonardóttir – Listasafn ASÍ, Þá og nú (Listasögusýning) - Listasafn Íslands, 1000 ár – Þjóðmenningarhús, Grasrót 2011 – Nýlistasafnið, Gárur/Ripples: Anna Hallin og Olga Bergmann – Gallerí Kling og Bang, Ísold Uggadóttir, kvikmyndagerðarmaður (listamannspjall og privat-screening), Hraðari og hægari línur – Hafnarhús, Björk Viggósdóttir – Hafnarhús (D salur).**

Eftirfarandi gestir heimsóttu Sjónlistadeild á haustönn 2011; **Ísold Uggadóttir**, kvikmyndagerðarmaður (sýndi nemendum verk sín), **Aaron Dubbin** og **Melissa Davidson**, myndlistarmenn (á sýningu þeirra í Nýló), **Ásmundur Ásmundsson**, myndlistarmaður (hluti af grunnþáttum), **JBK Ransú**, sýningarstjóri sýningarinnar Læsi í Nýlistasafninu, **Kristín Vala Ragnarsdóttir**, deildarforseti jarðvísindadeildar HÍ (hluti af grunnþáttum), Anna Línadal, myndlistarmaður (hluti af grunnþáttum), Leiðsögn frá safni: Nýlistasafnið, **Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir** og **Bjarki Bragason** sögðu frá sögu og samhengi Nýló. 4 nemendur úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands sögðu frá verkefnum sínum.

Horft var á vídeóverk og kvikmyndir; **Tie me up tie me down – eftir Pedro Almodovar, Der Blechtrommel** (Blikktromman) – eftir **Volker Schlöndorff, Direktören for det hele** (The boss of it all) – eftir **Lars von Trier, We are family – eftir Olgu Koch, Exit through the gift shop – Banksy**, ýmsar stuttmyndir eftir **Ísoldu Uggadóttur**, Heimildamynd um verk Marinu Abramovic (hluti af fyrirlestri um gjörningalist), **Martha Rosler – Semiotics of the kitchen** (vídeóverk), auk annarra vídeóverka og tónlistarmyndbanda sem hluta af fyrirlesturum Bjarka Bragasonar.

Rými í Sjónlistadeild hefur reynst ágætlega þó þurfi að bæta loftræstingu í fyrirlestrarsal og hljóðvist í kennslustofum. Ljóst er að þó önnin hafi gengið vel og nemendur heilt yfir ánægðir má þróa margt og bæta innan Sjónlistadeildar. Sérstök samantekt verður gerð um þróun námsins og verður því ekki tæpt á því hér.



Frjálst verkefni úr teikningu 2 - Nemandi: Ýmir Grönvold - Kennarar: Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir

KERAMIKKJÖRSVIÐ KHL

Keramik kjörsvið er 21 eininga nám á framhaldsskólastigi í undirstöðuatriðum leirvinnu. Námið er hluti af hönnunarbraut Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans og fer verklegi hluti námsins (21 eining) fram á keramikverkstæðum Myndlistaskólans í Reykjavík.

Keramik kjörsvið er eingöngu kennt á haustönn.

HAUST 2011

Nemendur 7 nemendur, 6 konur og 1 karl stunduðu nám á keramik kjörsviði og luku allir námi.

Þrír nemendur úr kjörsviði hófu nám í Mótun B hluta á janúar 2011.

Kennarar voru **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Bjarnheiður Jóhannsdóttir**, **Steinunn Helgadóttir**, **Guðný Magnúsdóttir**, **Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir**, **Bjarni Viðar Sigurðsson** og **Sigríður Helga Hauksdóttir**.

Umsjónarkennari var Sigurlína Osuala



Keramik kjörsvið - Kennari: Sigríður Helga Hauksdóttir

Í KHL Keramik kjörsviði er farið ítarlega í gegnum helstu vinnuaðferðir við leir s.s. handmótun, rennslu, einfalda gifs-mótagerð, glerungagerð og skreytiaðferðir. Unnið er með jarðleir og steinleir. Nemendur gera skissubók þar sem sköpunarferlið er skráð ásamt hugmyndum og tækniupplýsingum. Síðustu 4 vikurnar vinna nemendur lokaverkefni og nýta það sem þeir hafa lært í fyrri áföngum til þeirrar vinnu.

Sú nýbreytni var tekin upp að kennari sem var að taka við kennslu í áfanga var viðstaddur yfirferð í þeim áfanga sem var á undan. Þannig tengdust áfangarnir og kennarar voru betur meðvitaðir um hvað hafði verið unnið og kennt í áfanganum á undan. Þar var í heimsókn til **Ragnhildar Stefánsdóttur** myndlistarmanns. **Guðný Magnúsdóttir** hélt tvo fyrirlestra um íslenska leirlistamenn.

MÓTUN – LEIR OG TENGD EFNI

Mótun er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt viðmiðunarramma um nám á Íslandi og er jafngilt 120 ECTS einingum í samstarfsskólum erlendis.

Möguleiki er að bæta við sig einu ári við University of Cumbria og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Einnig hafa nemendur farið í Kunsthögskolen in Bergen og lokið BA gráðu þar eftir eins árs nám.

Kennsla í Mótun fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík (100 ECTS) en hluti af fræðilegu námi og tölvuáfangi er kenndur í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins (20 ECTS).

Tveir nemendur sem útskrifuðust úr D hluta fengu inni á þriðja ári til BA gráðu í Listaháskólanum í Bergen.

Í tengslum við ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík um „Know How 2“ verkefnið komu kennarar frá samstarfsskólum okkar í Bergen og Englandi og kynntu skóla sína og keramikdeildir fyrir nemendum Mótunar.

Til að sækja um nám í öðrum skólum eftir Diplómanám í Mótun þurfa nemendur að útbúa góðar ferilmöppur. Hingað til hafa nemendur að mestu séð um það sjálfir en fengið aðstoð og mat í lokin frá kennurum. Inn í námið þarf að bæta ferilmöppugerð og ljósmyndum sem sérstökum áfanga.

Mótunarnámið var kynnt með ýmiss konar hætti á árinu. Haldin var sýningu í Kokku á afrakstri Kahla verkefnisins á menningarnótt. Diplómanámið var kynnt í 12 tónum á Vetrarnótt og kynning var haldin í Tækniskólanum. Einnig sýndu nemendur lokaverk Keramikjörsviðs í Tækniskólans í byrjun desember.



Mótun D - Kahla verkefni - Kennarar: Sigurlína Margrét Osuala og Brynhildur Pálsdóttir - Nemandi: Ingibjörg Guðmundsdóttir

VOR 2011

Á vorönn 2011 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun- leir og tengd efni B hluti – Efni og D hluti - Framleiðsla.

4 nemendur sóttu um nám í Mótun á vorönn, ýmist í B eða D hluta en laus pláss voru 4.

Í inntökunefnd voru **Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Sigurlína Osuala**. Skoðaðar voru möppur með náms- og starfsferli og verkum og skissum.

B HLUTI - EFNI

B hluti skiptist í 4 áfanga: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Rannsóknarleiðangur og Hönnunarsaga

Annarstjórar B hluta voru **Hildur Ýr Jónsdóttir** og **Ólöf Erla Bjarnadóttir**.

Kennarar auk þeirra voru **Anna Hallin**, **Hrafnkell Birgisson**, **Sigurlína Osuala**, **Sigrún Ólöf Einarsdóttir** og **Elísabet Ingvarsdóttir**.

Nemendur: 13 nemendur hófu nám í B hluta og luku 12 nemendur 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. 2 nemendur útskrifuðust með Diplómagráðu úr B hluta, Heiða Lind Sigurðardóttir og Raket Snædahl Gylfadóttir.

Fyrirlestrar: **Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Sigurlína Osuala** fluttu fyrirlestra á önninni um frumkvöðla í keramíki á Norðurlöndum og Bretlandi.

Í B hluta er áhersla lögð á að nemendur vinni með margvísleg efni og sett er upp tilraunastofa þar sem nýjar aðferðir og ýmis efni eru prófuð. Í tilraunastofunni er t.d. unnið með að dýfa lífrænum hlutum s.s. matvöru eða blómum í postulínsmassa. Einnig eru tekin gifsnot af hlutum sem hafa sérstaka áferð ofl. Unnið er með postulín sem leirtegund og kennd gifsnotagerð. Einnig er kenndur áfangi þar sem unnið er með heitt gler á glervinnustofunni **Gler í Bergvík** á Kjalarnesi.



Mótun B - Tilraunastofa - Kennari: Hildur Ýr Jónsdóttir

Í áfanganum **Rannsóknarleiðangur**, var farið til **Þýskalands** í námsferð með styrk frá Leonardo mannaskiptaverkefnum Evrópusambandsins. Þar heimsóttu nemendur margvíslegar stofnanir s.s. postulínsverksmiðjurnar **Nymphenburg** og **Kahla, University of Art and Design í Halle** og söfn sem tengjast postulínsframleiðslu. Nemendur fóru einnig til Berlínar og sáu þar listsýningar og fóru á söfn. Ferðin tók tvær vikur. Fararstjóri og kennari í áfanganum var **Hrafnkell Birgisson**. Í ferðinni var tekin upp heimildamynd í samvinnu Leonardo mannaskiptaverkefna og Myndlistaskólans í Reykjavík. Vinnu myndarinnar er ekki að fullu lokið.

Hugmyndavinna er unnin og þróuð í nánum tengslum við aðferðir og tækni og vinna annarstjórar náði saman í því ferli. Grunnviðfangsefni annarinnar var vasi sem þróaðist úr verkefnum tilraunastofunnar og endaði í nytjahlut með viðhengjum s.s. stút, fótum eða handfangi.

Á vegum Tækniskólans var kenndur áfangi í Hönnunarsögu og var samkennt í B og D hluta Mótunar. Sýning á verkum nemenda var haldin í Gömlu Netagerðinni úti á Granda.

Vel tókst til með þróun verkefna í B hluta. Ákveðið var að halda áfram á svipaðri braut að ári en fækka e.t.v. verkefnafjölda en dýpka hvert verkefni í staðinn.

D HLUTI - FRAMLEIÐSLA

D hluti skiptist í 5 áfanga: Hugmyndavinnu, Gifsmótagerð, Hönnun og framleiðslu, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Annarstjórar voru **Sigurlína Osuala** og **Brynhildur Pálsdóttir**.

Kennarar auk þeirra voru **Barbara Schmidt**, **Jens Pfothenauer**, **Anna Hallin** og **Elísabet Ingvarsdóttir**.

Nemendur: 9 nemendur stunduðu nám í D hluta og luku allir 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. 5 nemendur útskrifuðust með Diplómagráðu úr D hluta, Eygló Benediktsdóttir, Elin Haraldsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hlíf Una Bárudóttir og Guðný Rúnarsdóttir.

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Eygló Benediktsdóttir fóru í Listaháskólann í Bergen og ljúka BA gráðu þaðan vor 2012. Elinu Haraldsdóttur, Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Herborgu Eðvaldsdóttur var boðið til Kahla til að vinna að áframhaldandi þróun lokaverkefna sinna.

Fyrirlestrar: **Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Sigurlína Osuala** fluttu fyrirlestra á önninni um frumkvöðla í keramikki á Norðurlöndum og Bretlandi.



Mótun D - Kahla verkefni - Kennarar: Sigurlína Margrét Osuala og Brynhildur Pálsdóttir - Nemandi: Herborg Eðvaldsdóttir

Í D hluta er áhersla lögð á samvinnu við fyrirtæki með fjöldaframleiðslu í huga. Mikil tæknikennsla fer fram og nemendur læra að gera gifsmót fyrir framleiðslu á hlutum úr leir og postulíni. Í mars 2010 fóru nemendur Mótunar í tveggja vikna námsferð til Þýskalands.

Markmið ferðarinnar var eins og áður að kynna framleiðsluaðferðum á postulínsvörum. Í ferðinni voru lögð drög að samstarfsverkefni milli Myndlistaskólans og postulínsverksmiðjunnar KAHLA. Markmið verkefnisins var að gefa nemendum tækifæri til að kynna heimi postulínsframleiðslu og að vinna í samstarfi við fyrirtæki í fremstu röð í heiminum. Útgangspunktur verkefnisins var postulín annars vegar og borð hins vegar. Leitað var eftir frumlegri og persónulegri nálgun nemenda í hugmyndavinnu en útkoman átti að vera hlutur úr postulíni sem gæti prýtt matarborð og hentaði til fjöldaframleiðslu. Haustið 2010 hófu nemendurnir rannsóknarvinnu fyrir verkefnið og þróun hugmynda.

Barbara Schmidt yfirhönnuður **Kahla** kom til Íslands í byrjun janúar 2011 og fór yfir hugmyndavinnuna og valdi svo ásamt leiðbeinendum verkefnisins eina hugmynd frá hverjum nemanda til þess að þróa í endanlega frumgerð. Sérstakur ráðgjafi var Hrafnkell Birgisson hönnuður. Afraksturinn var sýndur á alþjóðlegri hönnunarsýningu, **DMY** í Berlín í byrjun júní 2011 en sú sýning þykir einn af merkustu hönnunarviðburðum Evrópu og voru nemendur á staðnum og kynntu verkefni sín. Valdir voru þrjú nemendur til að fara til Kahla og þróa áfram verkefni sín á gifsmótaverkstæði þeirra þar. Þannig fengu nemendur tækifæri til að þróa verkefni sín áfram hjá reynslumiklum og færum gifs- og postulínsmeisturum Kahla.

Á vegum Tækniskólans var kennur áfangi í Hönnunarsögu og var samkennt í B og D hluta Mótunar.

Mikil og almenn ánægja var með árangur í D hluta. Vinna nemenda og kennara var með ágætum og samstarfsverkefni við Kahla tókst mjög vel og var vel kynnt. Ákveðið var að reyna áframhaldandi samvinnu við Kahla að ári.

HAUST 2011

Á haustönn 2011 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun – leir og tengd efni, A hluti – Uppruni og C hluti – Innri gerð.

18 nemendur sóttu um nám í Mótun á haustönn, ýmist í A eða C hluta en laus pláss voru 14.

Í inntökunefnd voru Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sigurlína Osuala. Skoðaðar voru möppur með náms- og starfsferli og verkum og skissum en auk þess voru umsækjendur teknir í viðtöl.



A hluti - Kennarar: Sigurlína Margrét Osuala og Krístrún Thors - Nemandi: Freydis Kristófersdóttir

A HLUTI UPPRUNI

A - hluti skiptist í 4 áfanga. Þeir voru: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Tilraunastofa með íslensk jarðefni og Saga manns og hlutar, sem kenndur var á vegum Tækniskólans.

Annarstjórar í A hluta voru: **Sigurlína Osuala** og **Krístrún Thors**.

Kennarar voru auk þeirra, **Bjarnheiður Jóhannsdóttir** sem kenndi í fyrsta skipti áfangann Íslensk jarðefni, **Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir**, **Svafa B. Einarsdóttir** og **Elísabet Ingvarsdóttir**.

Nemendur: 14 nemendur hófu nám í A hluta Mótunar á haustönn 2011. Allir nemendurnir luku 23 framhaldsskólæiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. 1 nemandi útskrifaðist með Diplómagráðu úr A hluta, Anna S. Gunnarsdóttir.

Fyrirlestrar: Margir gestafyrirlesarar tóku þátt í áfanganum, Saga manns og hlutar, meðal þeirra má nefna, **Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur**, mannfræðing, **Brynhildi Pálsdóttur**, vöruhönnuð

Kristínu Ísleifsdóttur, myndlistakonu, **Arndási S. Árnadóttur**, hönnunarsagnfræðing ofl.

Auk þess flutti **Hanna Whitehead** vöruhönnuður, fyrirlestur um eigin verk og **Sigurlína Osuala** flutti fyrirlestur um keramik á 20. öld.

Í A hluta Mótunar er "uppruni" hugmyndalegur útgangspunktur og þess vegna var unnið með jarðleir og ýmsar upprunalegar aðferðir við mótun hans og skreytingu. Í áfanganum, Íslensk jarðefni var farin ferð í Dalasýslu þar sem grafinn var upp íslenskur leir og margvíslegum steinefnum safnað til glerungagerðar. Lögð var áhersla á ýmsar handmótunaraðferðir en auk þess voru gerð einföld gifsnot og gerður var fljótandi massi úr íslenskum leir. Í áfanganum, Saga manns og hlutar undir stjórn **Elísabetar Ingvarsdóttur** voru skoðuð viðhorf í heimspeki, hagfræði, mannfræði og sögu og fengnir ýmsir fræðimenn til að flytja fyrirlestra. Önninni lauk með því að nemendur unnu verk fyrir sýningu sem sett var upp í kjallara Norræna hússins.

Nemendahópur A hlutans var öflugur og vann vel og samvirkusamlega. Í heildina þótti takast vel til í starfi annarinnar en þó þarf að endurskoða hugmyndalegar forsendur lokaverkefnis t.d. hafa skýrari og þrengri ramma viðfangsefnis. Það mun verða gert í A hluta haust 2012 og einnig mun lotum verða fækkað og eingöngu unnið með handmótunaraðferðir við leirinn. Auk þess verður kennt að nota einfalda glerunga.

C HLUTI INNRI GERÐ

C hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir (rennsla og glerungar), Heimspeki, Líkami- mótun/teikning, Sjálfstætt verkefni og Tölvustudd hönnun (rhino).

Annarstjórar í C hluta voru: **Anna Hallin**, **Hrefna Björg Þorsteinsdóttir** og **Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir**.

Kennarar auk þeirra voru: **Guðbjörg R. Jóhannesdóttir**, **Ólafur Gíslason**, **Ólöf Erla Bjarnadóttir**, **Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir**, **Sigurlína Osuala** og **Magnús Stephensen Magnússon**.

Nemendur: 12 nemendur hófu nám í C hluta. 11 nemendur luku 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. Einn nemandi lauk 20 framhaldsskólaeiningum.

Einn nemandi útskrifaðist með Diplómagráðu úr C hluta, Hanna Margrét Einarsdóttir.



C hluti - Kennarar: Anna Hallin, Hrefna Björg Þorsteinsdóttir og Hólmfríður Jónsdóttir - Nemandi: Björg Ólafsdóttir

Nýir annarstjórar tóku við C hluta haustið 2011, þær **Anna Hallin**, myndlistamaður og keramikar og **Hrefna Björg Þorsteinsdóttir** og **Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir**, arkitektar. Hugmyndavinna áfangans byggðist að stórum hluta á rýmisskoðun og umfjöllun um rými. Rými minninganna, rými rústa og hið endanlega rými, eða rými dauðans. Lokaverkefni nemenda voru duftker og "colombarium" það er rýmið í kringum duftkerin. Unnið var með rennslu sem aðferð við gerð duftkerjanna en "colombariín" voru samansett úr flísum sem voru steyptar í gifsími. Mikil áhersla var lögð á glerungagerð og efnafræði glerunga. Fræðilegir áfangar C hlutans voru heimspeki, þar sem áhersla var lögð á fyrirbærafræði og tölvustudd hönnun (rhino) sem kennd var í Tækniskólanum.

Önninni lauk með því að sett var upp sýning nemenda á duftkerjum og "colombarium" í **Norræna húsinu**.

Nemendur unnu vel og mikið yfir önnina og útkoman var harla góð. E.t.v. voru verkefni full mörg og kröfurnar miklar en mikill metnaður í kennslu og vinnu nemenda skilaði sér í góðum verkum í lokin. Haustið 2012 er áætlað að leggja meiri áherslu á rennslu og fjölbreyttar skreytingar með glerungum.

TEIKNING

Teikning er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um nám og er metið til 120 ECTS eininga í samstarfsskólum. Möguleiki er að bæta við sig einu ári við háskólann í Cumbriu (eða fá námið metið hjá öðrum háskólum) og ljúka þannig náminu með BA gráðu.

Námið fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík en hluti af fræðilegu námi og tölvukennsla fer fram í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins.



Teikning C-hluti - Hljóð og mynd - Nemandi: Hanna Aniela Frelek - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir



Teikning C-hluti - Tölvuleikir - Nemendur: Sunna Sigurðardóttir og Bergrún Íris Sævarsdóttir - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir



Teikning C-hluti - Myndrænar dagbækur - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir



Teikning C-hluti - Nærmynd úr myndrænni dagbók - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

B HLUTI - VOR 2011

B hluti skiptist í 4 áfanga: Myndræn frásögn, Samvinna milli teiknara og höfunda, Letur/handrit/menningasaga og Fræðsla og rannsóknir. Auk þess var kennd tölvuvinnsla (Photoshop) í Tækniskólanum

Annarstjóri: **Anna C Leplar.**

Kennarar: **Þorvaldur Þorsteinsson, Anna C Leplar, Áslaug Jónsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Þórarinn Leifsson og gestakennari frá Bretlandi, Alexis Deacon.**

Nemendur: 15 nemendur hófu nám í B hluta og luku þau 23 framhaldsskólæiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.

Fyrirlestrar: **Haldór Baldursson, Alexis Deacon, Jón Baldur Hlíðberg, Sigbrúður Gunnarsdóttir** frá Forlaginu. Heimsóknir í Námsgagnastofnun og tölvuleikjafyrirtækið CCP.



Teikning C-hluti - Myndrænar dagbækur - Nemandi: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Á B-önn var unnið með frásögnina í gegnum margvíslega teiknimiðla og aðferðir, ljós og lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og stemningu. Áhersla var lögð á að myndgera hugmyndaheima, sköpun karaktera, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskreið. Í lok áttu nemandur að stefna að skilum á nokkrum verkum sem sýndu fram á hæfni þeirra til að takast á við ólík markmið og stíla.

Myndræn frásögn: Fyrsti áfangi byrjaði með lotu í viku sem hét **Hugmyndavinna** með **Þorvaldi Þorsteinsson**. Þar áttu nemendur að gerða sér grein fyrir þeim gjörólíku verkfærum til sköpunar og hugmyndavinnu sem hver og einn hefur á valdi sínu. Þau áttu að lokum að þekkja margvíslegum skissu og skráningarleiðirog verða fær um að skrá og vinna úr hugmyndum sínum.

Síðan var lota sem hét **Myndræn frásögn** og túlkun þar sem athugðuð voru algeng þemu í barna- og unglingabókum. Verk voru unnin þarsem notuð var ákveðin tækni eða birta sem túlkuðu andrúmsloftið eða kringumstæður.

Alexis Deacon, breskur barnabókahöfundur/teiknari og kennari í mastersnámi í teikningu í Cambridge School of Art kom og kenndi hópnunum í viku. Hann notaði ýmsar leiðir og aðferðir við að losa um hjá nemendum; fá þau til að vinna saman og hugsa öðruvísi um verkefni en þau voru vön. Þessi vika reyndist mjög gagnleg og nemendur hafa mikið notað þær aðferðir sem Alexis kynnt fyrir þeim.

Samvinna milli teiknara og höfunda: Í þrjár vikur var unnið með ritnemum úr **Háskóla Íslands** undir handleiðslu **Rúnars Helga Vignissonar**. Skipt var í hópa eða pör svo einn teiknari vann með einum eða fleirum úr Háskólanum. Unnið var að sögu eða ljóði og mótaðist verkefnið með mikilli samvinnu. Báðir hópar lærðu hvernig samvinna virkar og fundu leiðir til að komast að málamiðlun þegar hugmyndir stanguðust á.



Samvinna milli teiknara og höfunda - Sýning í Háskóla Íslands vor 2011

Nemendur í samvinnu við rithöfunda lærðu að túlka skrifaðan texta og skynja það sem er mikilvægt að velja úr textanum til að myndskreyta. Bæði myndhöfundar og textahöfundar þurftu að rökstyðja eigin hugmyndir og útfærslu. Niðurstaðan, myndir og textar voru sýndar á göngum Háskóla Íslands.

Letur/handrit/menningarsaga: **Áslaug Jónsdóttir** kenndi þróun og sögu leturs, sem og grunnþættir í meðferð leturs og grafískri hönnun þar sem letur og myndir koma saman. Þau unnu veggspjald með handgerðu letri, umbrotsskissur að opnum í myndskreyttri bók. Nemendur fengu að kynnast umbroti sem hluta af vinnu við samsetningu mynda og texta í bókum.



Hljóð og mynd - Nemandi: Lilja Hlin Pétursdóttir - Kennari: Kristin Ragna Gunnarsdóttir

Síðan tók við vika með **Ragnheiði Gestsdóttir** Hún kenndi nemendum um ævintýri; sögu þeirra, einkenni og byggingu, tengsl þeirra við goðsagnir og birtingarmyndir þeirra í nútímasamhengi. Skoðaðar voru myndskreytingar við ævintýri og rætt var um val myndskreyta á framsetningu og stíl. Þeir skoðuðu einnig erkitýpur ævintýranna og hvernig þær birtast allt í kringum okkur. Kennsla fór fram í formi fyrirlestra og umræðna. Hún lagði einnig fyrir skriflegt verkefni.

Þórarinn Leifsson fór síðan í ýmsar hugleiðingar og verkefni tengd nútímaævintýrum og markmiðið var að láta nemendur skeyta saman brotum úr listasögunni og nútíma myndheiminum líkt og gert er í tónlist og setja hluti í nýtt samhengi.

Fræðsla og rannsóknir: **Anna C. Leplar** úthlutaði hverjum nemenda tímabili og staðsetningu þar sem sem ýtarlegrar heimildavinnu var þörf. Nemendur kynntust ýmsum leiðum við heimildaöflun: Google, myndabönkum, bókasöfnum og gömlum bókum. Nemendur þurftu svo að teikna eftir nákvæmri lýsingu á fræðsluefninu. Síðan unnu nemendur myndir þar sem einhverju fyrirbæri eða atburði er lýst með teikningu t.d. myndrænir leiðarvisar eða kort.



Teikning C-hluti - Myndrænar dagbækur - Nemandi: Ívar Marrow Arnþórsson - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Markmiðið var að kynna fyrir nemendum fjölbreyttan starfsvettvang teiknarans og kynna fyrir þeim mikilvægi þess að vera með nákvæmar heimildir og hvar þær eru að finna ef verið er að vinna fræðslufni.

C HLUTI - HAUST 2011

C hluti skiptist í 3 áfanga: Hreyfing og myndræn frásögn, Form, rými og hljóð og Hugarheimar. Auk þess var Tölvukúrs í Tækniskólanum einu sinni í viku og módelkennsla einu sinni á viku. Eins voru nemendur að vinna sjónrænar dagbækur sem voru skoðaðar með reglulegu millibili.

Annarstjóri: **Kristín Ragna Gunnarsdóttir.**

Kennarar: **Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Þorri Hringsson, Peter Obel, Bjarni Hinriksson og Bernharður Aðalsteinsson.**

Nemendur: 3 af 15 nemendum hættu í lok B-annar og fóru í LHÍ og 3 nýjir voru teknir inn.

Fyrirlestrar: **Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Peter Obel, og Benjamin Bohn.** Sýningarferðir og heimsóknir á vinnustofur og tölvufyrirtæki.

Nemendur héldu áfram að þjálfra frásagnartækni myndmáls og þróðu persónulegan stíl í túlkun og útfærslu verkefna. Þau héldu sjónræna dagbók alla önnina og lærðu mismunandi tækni við gerð teikninmynda. Nemendur unnu með form, rými, hljóð og hreyfingu í nokkrum smærri verkefnum og þjálfuðu frásagnartækni við gerð myndrænna handrita.



C-hluti - Hljóð og mynd - Nemandi: Friðgeir Jóhannes Kristjánsson - Kennari: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

HREYFING OG MYNDRÆN FRÁSÖGN: Fyrsta lota var samvinnuverkefni með samtökum aðstandenda Alzheimer sjúklunga **FAAS**, en forsprakki verkefnisins var **Halldóra Arnardóttir**, listfræðingur. Tveir til þrír nemendur unnu með hverjum sjúklingi að verkefni sem kallaðist Frásagnir minninganna. Nemendur voru hvattir til að spjalla við sjúklingana og skrá niður minningar þeirra með myndrænum hætti. Markmiðið var að tengja teikningarnar þannig að sjúklingurinn gæti "endursagt eigin sögu" með því að horfa á þær. **Kristín Ragna** styrði hópinn sem var haldinn í Þjóðarbókhöfðu.

Þórey Mjallhvít og **Peter Obel**, gestakennari frá Danmörku, kenndu helstu vinnubrögð við gerð hreyfimynda þar sem hreyfingar, tímasetningar og taktur voru skoðuð. Rýnt var í listbrögð hreyfimynda í verkum ólíkra listamanna. Í lokinn gátu nemendur greint og teiknað einfaldan hreyfingu fyrir teiknimyndir, gátu nýtt sér tímaferil og takt í teikningu hreyfinga og hafðu vald á teikningu mannlíkamanns á hreyfingu. Nemendur sköpuðu sér persónur sem hægt var að vinna áfram með á önninni.

FORM, RÝMI OG HLJÓÐ: Þorri Hringsson tók nemendur í viku lotu sem hét **Ímyndað rými** þar sem skapað var, í teikningu eða í tölvu, trúverðugt og sannfærandi rými fyrir persónurnar sem höfðu verið skapaðar í vikunni á undan.

Persónusköpun og mótun: **Rósa Sigrún Jónsdóttir** kenndi nemendum að móta priviða túlkun af þessari sömu persónu þar sem mikið var lagt upp úr sviðbrigðum og hlutföllum og mikilvægi þess að geta skoðað persónuna frá öllum sjónarhornum.

Við tók tveggja viku lota, **Form og hljóðmynd**, kennt af Kristínu **Rögnu Gunnarsdóttir**. Nemendur bjuggu til og tóku upp hljóð með aðstoð hljóðmanns sem kom í skólann. Út frá hljóðinu bjuggu nemendur svo til hreyfimynd úr skuggamyndum, sem teiknaðar voru og klipptar úr svörtum pappír.

Síðasti áfanginn annarinnar var **HUGARHEIMAR**.

Í fyrstu lotu áfangans, Tölvuleikir unnu nemendur í litlum 2-3 manna hópum og þróðu saman hugmynd og grófa útfærslu að tölvuleik.

Við tók lota sem hét **Persónuleg sýn – frá ramma til ramma** kennt af Kristínu **Rögnu** og **Bjarna Hinrikssyni**. Þar lærðu nemendur grunnþætti myndasögunnar og lærði vinnsluferli hennar. Þau lærðu að vinna með eigin hugmyndir, persónur og umhverfi. Þau lærðu undirstöðuatriði í frásagnatækni myndasögunnar og urðu fær um að móta myndafrásögn byggða á eigin hugmyndum.



Vegna anna hjá mörgum fyrirtækjum tengt animation og kvikmyndagerð reyndist erfitt að vera með nógu margum fyrirlesara og því var ekki alveg nógu mikið fræðsluefni á önninni. Gera þyrfti ráð fyrir þessu og hafa „varaskeifur“ tilbúnar en Kristín Ragna stökk þó oft inn með litlum fyrirvara með fyrirlestra.

Áfram hefði verið gott að vera með áherslu á blog- og vefsíðugerð og venja nemendur betur við að skrá eigin verk og halda utan um verk sín í portfólíó sem sífellt varð stækkaði eftir því sem leið á námið. Huga þyrfti að þessum þætti á hverri önn.

TEXTÍLDEILD

Námið er tveggja ára diplómanám á 4 þrepi samkvæmt íslenskum viðmiðaramma um nám og er jafngilt 120 ECTS einingum í samstarfsskólum erlendis. Þar af eru 20 ECTS einingar sem kenndar eru á vegum Tækniskólans. Möguleiki er að bæta við sig einu ári við samstarfsskóla Textíldeldarinnar sem eru; Listaháskólinn í Bergen og Heriot Watt háskólinn í Skotlandi og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Námið fer að mestu leyti fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

B HLUTI - VOR 2011 - UMHVERFIÐ

Annarstjórar: Hildur Bjarnadóttir og Brynja Emilsdóttir.

Nemendur: 12

Þema: Textíll er skoðaður í hversdagsleikanum og hvernig hann hefur áhrif á manngert umhverfi. Velt er upp hugmyndum um sjálfbærni í efnaframleiðslu, vinnusamfélagi og umhverfi. Hver eru mörk okkar samfélags – hverjir eru framleiðslumöguleikar á Íslandi og erlendis? Velt er upp siðferðilegum spurningum um framleiðslu og efni. Meðal annars verður unnið með fundið og keypt efni sem er umbreytt gegnum litun, niðurrif, endurgerð, inngríp, vélprjón, útsaum og mynsturgerð.

Lotur í B hluta voru:

Prjónatækni: 2 vikur. **Helga Jóna Þórunnardóttir** kenndi nemendum tæknilegan grunn fyrir prjón s.s. mikilvægi prjónfestu, mismunandi aðferðir við uppfit, affellingar, úrtökur og útaukningu.

Skapandi handprjón: 2 vikur. **Steinnun Sigurðardóttir** kenndi nemendum að nota prjón til þess að tjá hugmyndir sínar, umhverfi sitt og tilfinningar.

Þrykk-litafræði: 1 vika. Gestakennararnir **Ingrid Aarset** og **Mette Lorange** frá **Listaháskólanum í Bergen** kenndu nemendum grunn atriði í þrykki og litafræði. 5 nemendur frá Textíldeldinni í Bergen tóku þátt í námskeiðinu.



Vélprjón: 1 vika. **Katrín Ósk Björnsdóttir** kenndi nemendur undirstöðuatriði í vélprjóni.

Mynsturgerð fyrir þrykk: 3 vikur. **Brynja Emilsdóttir** kenndi nemendum undirstöðuatriði í gerð símynstra, undirbúning fyrir þrykk, meðferð þrykkrama og lýsingu mynda á ramma.

Litróf og stafrænt þykk á efni: 1 vika. **Eva Georgsson** gestakennari frá New York kenndi nemendum að finna liti í myndum og nota í mynstur sem þeir höfðu núþegar unnið. Eva kynnti fyrir þeim heim digital prentunar og myndvinnslu fyrir framleiðsluþrykk.

Litun textílefna: 1 vika. **Arnþrúður Ösp Karlsdóttir** kenndi nemendum aðferðir til litunar á náttúrulegum efnum með hvarfgjörnum (reactive dyes) litarefnum og sýrulitarefni (acid dyes) og aðrar algengar litunaraðferðir.



Textill þrykk - Kennarar: Helga Pálína og Brynja Emilsdóttir

Þrykk: 4 vikur. **Helga Pálína Brynjólfsson** og **Brynja Emilsdóttir** kenndu nemendum að bland kvoðu og liti fyrir þrykk á sellulósaeefni, ull og silki. Nemendur lærðu að umreikna uppskriftir og að blanda liti.

Teikning: Alla fimmtudagsmorgna. **Margrét H. Blöndal** kenndi nemendum ýmsar teikniaðferðir sem miðil til að skrásetja skoðun á fjölbreyttu viðfangsefni.

Tölvur: 6 morgna í Tækniskólanum. **Sigríður Snjólaug Vernharðsdóttir** kenndi nemendum grunnatriði í vektorteikningu tvívíðra mynda í tölvu. Nemendur kynntust Illustrator og Photoshop.

Fyrirlesarar: **Elísabet Ingvarsdóttir** fyrirlestur um **William Morris**. **Huginn Þór Arason**, myndlistarmaður. **Erna Einarsdóttir**, textilhönnuður. **Bryndís Bolladóttir**, textilhönnuður. **Sonja Bent**, prjónahönnuður.

Vettvangsferðir: **Húsið á Eyrarbakka**, **Ásthildur Magnúsdóttir**, vefari, **Þrykkverkstæði Textílfélagsins** á Korpúlfsstöðum.

Önninni lauk með stórrí sýningu allra deilda í Fiskvinnsluhúsinu úti á granda.

C HLUTI- HAUST 2011 - HUGMYNDAÞRÓUN

Annarstjórar: Hildur Bjarnadóttir og Arnþrúður Karlsdóttir.

Nemendur: 12 Tveir nemendur út textil hættu eftir fyrsta veturinn, önnur fór í myndlistardeild Listaháskóla Íslands og hin stefndi á listnám annarsstaðar. Því voru tveir nýir nemendur teknir inn um haustið. 7 umsóknir voru um lausu plássin.

Þema: Leitað á innri mið og svigrúm gefið til persónulegrar vinnu. Myndsýn og efnistilfinning nemanda þróuð. Rými gefið fyrir hvern og einn nemanda. Hann velur sér svið – í samvinnu við kennara og þróar þann efnisheim og aðferðir sem hann kys. Á önninni verða mynduð skýr tengsl milli hins persónulega sviðs og þess sem nemandinn framkallar í efnið sem hann vinnur með. Á önninni verða vinnusvæði textilhönnuða skoðuð með heimsóknum á vinnustofur listamanna og hönnuða. Hverjir eru möguleikar textilhönnuða á Íslandi og erlendis. Aðferðir og tæknileg þekking fyrri anna verða dýpkaðar með áframhaldandi vinnu.

Lotur í B hluta voru:

Hugmyndavinna: 1 vika. Ingólfur Arnarson fór yfir lykilhugtök í listumræðu samtímans og fjallaði um ólíka vinnuferla og aðferðir listamanna. Teikning var notuð sem tæki til að takast á við fyrrgreindar hugmyndir. Myndbönd, bækur og myndlistarsýningar sem tengdust viðfangsefninu voru skoðaðar og efnt til umræðu tengt efni þeirra.

Þæfing: 1 vika. Arnþrúður Ösp Karlsdóttir kynnti aðferðir, tækni og verkfæri við þæfingu ullartrefja í voð eða þrívíða hluti. Nemendur unnu tilraunir með efni og aðferðir.



Tauprykk - Kennari: Ingrid Aarset Mette L'orange

Þrykk. 4 vikur: Brynja Emilsdóttir og Helga Pálína Brynjólfssdóttir kenndu framhald í þrykki. Mynsturgerð var dýpkuð og framleiðsluumhverfi skoðað. Nemendur kynntust fjórlita þrykki hjá Jóhanni Torfasyni og fleiri nýjum aðferðum s.s. lút, æting, bruna og fælu.

Hugmyndavinna í efni: 1 vika. Erna Einarsdóttir leiddi nemendur í verklegri hugmynda- og þróunarvinnu með efni. Nemendur unnu með tilbúin efni og skoðuðu möguleika þess. Markmiðið var að hver og einn vinni á persónulegan hátt og þrói nýjan textíl úr sama grunnefninu.

Vefnaður. 3 vikur: Ásthildur Magnúsdóttir og Sytze Rose. Vefnaðurinn hófst á einni viku með Hollenskum gestakennara sem kenndi nemendum á Arm-loom sem er tölvustýrður vefstóll. Kennslan fór fram á vinnustofu Ingibjargar Jónsdóttur, myndlistarkonu sem á eina tölvustýrða vefstólinn á Íslandi. Seinni tvær vikurnar fór kennslan fram á verkstæði skólans þar sem nemendur dýpkuðu fyrri þekkingu á vefnaði undir handleiðslu Ásthildar Magnúsdóttur.

Útsaumur: 1 vika. Helga Jóna Þórunnardóttir kenndi nemendum að yfirfæra mynstur á efni til að sauma eftir, ýmis útsaumsspor og frágang á útsaum.



Skapandi prjón - Kennari: Steinunn Sigurðardóttir

Prjón: 3 vikur. **Steinunn Sigurðardóttir** kenndi nemendum prjón. Markmið áfangans var að dýpka þekkingu nemenda í prjóni og þjálfra sjálfstæði nemenda í hugmyndavinnu. Áhersla var lögð á að þjálfra nemendur í að vinna í hópum að hönnunar- eða þróunarvinnu. Nemendur kynnst þeim takmörkunum og möguleikum sem framleiðsla setur skapandi vinnu í prjóni.

Textílpottur: Eftir hádegi á föstudögum. Umsjón: **Arnþrúður Ösp Karlsdóttir**. Sú breyting var á kennslu í Textíildeildinni frá fyrstu tveim önnunum að allar vettvangsferðir og fyrirlestrar voru settir í eina lotu undir nafninu Textílpotturinn sem fór oftast fram eftir hádegi á föstudögum. Þetta þótti gefa mjög góða raun, Markmið áfangans er að undirbúa nemendur fyrir framtíðina sem textilhönnuði og listamenn, þjálfra sjálfstæði og færni þeirra í greininug á eigin hugmynda með umræðum og verkefnum. Farið var í vettvangsferðir, á sýningar og á vinnustofur hönnuða og listamanna til að kynnst starfs- og menningarumhverfi þeirra. Áhersla er lögð á að víkka sjóndeildarhringinn. Nemendur vinna skriflegar greinargerðir, halda fyrirlestur og leiða umræður um afmörkuð efni.

Heimspæki: Einu sinni í viku hálfan dag. **Ólafur Gíslason** og **Guðbjörg R. Jóhannesdóttir**. Í þessari lotu er kennd heimspæki, farið er í helstu kenningar um fargurfræði og fyrirbærafræði. Nemendur unni verklegt verkefni í lok kennslunar hjá **Ólafi Gíslasyni**.

Fyrirlesarar: **Jóhannes Torfason**, fjórþrykk. **Knowhow ráðstefna** í Þjóðminjasafninu. **Logi A. Guðjónsson**, **Glófi prjónaverksmiðja**.

Vettvangsferðir: **Textílsafnið á Blönduósi**, **Textílsetrið**, **Sútunarverksmiðja**, **Safnasafnið**, **Iðnaðarsafnið**, **Freyjulundur**, **Kidka prjónaverksmiðja**, **Hadda vinnustofa** og **Glófi prjónaverksmiðja**.

FÉLAGATAL MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Anna Cynthia Leplar
Anna Guðjónsdóttir
Anna Hallin
Anna Þóra Karlsdóttir
Áslaug Thorlacius
Baldur Óskarsson
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarni Hinriksson
Bjarki Bragason
Björk Guðnadóttir
Borghildur Óskarsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Búi Kristjánsson
Daði Guðbjörnsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Erla Stefánsdóttir
Eygló Harðardóttir
Finnur Arnar Arnarsson
Gerður Leifsdóttir
Guðbjörg Káradóttir
Guðjón Ketilsson
Guðný M. Magnúsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Hannesdóttir
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Hafdis Helgadóttir
Halldór Baldursson
Hallsteinn Sigurðsson
Helgi Gíslason
Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hilmar Guðjónsson
Hlíf Ásgrímsdóttir
Hrafnkell Birgisson
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingirafn Steinarsson
Ingólfur Arnarsson

Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Jóhann Torfason
Jón Axel Björnsson
Jón B.K. Ransu
Karl Jónsson
Katrín Briem
Kolbrún S. Kjarval
Kolbeinn Hugi Höskuldsson
Kristinn G. Harðarson
Kristinn Helgason
Kristín Hauksdóttir
Kristín Ísleifsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristján Steingrímur Jónsson
Lísa Guðjónsdóttir
Margrét H. Blöndal
Margrét Friðbergisdóttir
Margrét Zophoníasdóttir
Ólafur Gíslason
Ólóf Erla Bjarnadóttir
Ólóf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Páll Thayer
Ragnhildur Stefánsdóttir
Shawna Laura Jones
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigtryggur B. Baldvinsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Þórir
Sigurjón Gunnarsson
Sigurlaug Lövdahl
Sigurlína Osula
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Unnar Örn Jónasson Auðarson
Valgerður Bergsdóttir
Vilhjálmur Þorsteinsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorri Hringsson
Þóra Sigurðardóttir

MYNDLISTASKÓLINN

Í R E Y K J A V Í K